

Leikskólinn Vesturkot



Skólanámskrá 2014-2021



Leikskólinn Vesturkot: Skólanámskrá Vesturkots fyrsta útgáfa kom út í apríl 2014

Endurskoðaður kafli um Læsi apríl 2017

Kafli Læsi í leikskólastarfi og Læsi og samskipti endurskoðaðir í mars 2018.

Endurskoðaður kafli um Lífsleikni, Heilbrigði og velferð febrúar 2019

Er í endurskoðun í heild sinni 2021....

Útgefandi: Leikskólinn Vesturkot
Miklaholti 1
220 Hafnarfjörður
Sími: 565-0220
Netfang: vesturkot@hafnarfjordur.is
Veffang: vesturkot.leikskolinn.is

Leikskólastjóri: Særún Þorlákisdóttir
Aðstoðarleikskólastjóri: Inga Þóra Ásdísardóttir

Höfundar: Starfsmenn leikskólans Vesturkots
Ábyrgðaraðili: Særún Þorlákisdóttir



Formáli

Skólanámskrá leikskólans Vesturkots lítur nú dagsins ljós. Árið 2011 kom út ný Aðalnámskrá leikskóla á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Með nýrri aðalnámskrá urðu umfangsmiklar breytingar sem voru í takt við nýja menntastefnu. Námsþáttum leikskóla var fækkað úr sex í fjóra og lögð var áhersla á grunnþætti menntunar sem hrísla um skólastarf á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi. Vinnan að skólanámskrá Vesturkots hefur átt sér stað frá árinu 2010. Starfsmenn voru spurðir hvað þeir vildu að myndi einkenna skólann og mikið var rætt um þau gildi sem höfð væru til hliðsjónar. Út frá því voru einkunnarorð leikskólans valin en þau eru höfð að leiðarljósi í leikskólastarfinu.

Fulltrúar frá leikskólum Hafnarfjarðar voru boðaðir á reglulega samráðsfundi á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar þar sem þessi nýju hugtök sem birtast í aðalnámskránni voru skilgreind og rædd og á skipulagsdögum var unnið með einn grunnþátt menntunar í senn. Það var gert með þeim hætti að boðið var upp á sameiginlega fyrirlestra um tiltekinn grunnþátt sem utanaðkomandi sérfræðingur fjallaði um. Áfram var unnið með grunnþættina í leikskólanum og starfsmenn skólans íhuguðu hvernig væri nú þegar unnið með grunnþættina í skólastarfinu og hvað væri hægt að gera betur. Náms sviðin fjögur voru einnig krufin og rætt um þau á skipulagsdögum og starfsmannafundum. Þá var farið í mikla vinnu til að útfæra hópastarf og annað skipulagt starf með börnunum út frá aldri þeirra. Niðurstöður þessarar vinnu voru skráðar jafn óðum og starfsmenn lásu yfir og gerðu athugasemdir þar sem við átti. Þannig er hægt að fullyrða að skólanámskrá Vesturkots sé sameiginlegur sáttmáli starfsmanna skólans. Námskráin verður samt sem áður sífellt til endurskoðunar og mun áfram þróast í takt við þá sem að skólanum koma og ávallt með hagsmuni barnanna í fyrirrúmi. Það er sérstakt ánægjuefni að skólanámskrá Vesturkots kemur út á sama degi og tuttugu ára afmæli leikskólans er fagnað.

Fyrir hönd starfsmanna leikskólans Vesturkots,

Særún Þorláksdóttir, leikskólastjóri



Efnisyfirlit

Formáli.....	1
1. Inngangur	4
2. Leikskólinn Vesturkot	6
2.1 Starfsfólk leikskóla.....	7
2.2 Hlutverk leikskólastjóra	7
2.3 Hlutverk leikskólakennara og annarra starfsmanna.....	7
3. Hugmyndafræði og stefna Vesturkots	9
3.1 Einkunnarorð Vesturkots.....	9
3.1.1 Lífsgleði	10
3.1.2 Leikni.....	10
3.1.3 Leikur	11
3.2 Skapandi starf og opinn efniviður.....	12
3.3 SMT.....	13
3.4 Kennsluhættir leikskólans.....	14
3.5 Námsumhverfi	14
4. Grunnþættir menntunar	16
4.1 Jafnrétti.....	16
4.1.1 Jafnrétti í leikskólastarfi.....	17
4.2 Læsi.....	19
4.2.1 Læsi í leikskólastarfi.....	19
4.3 Heilbrigði og velferð	22
4.3.1 Heilbrigði og velferð í leikskólastarfi.....	23
4.4 Sjálfbærni.....	26
4.4.1 Sjálfbærni í leikskólastarfinu	27
4.5 Sköpun.....	29
4.5.1 Sköpun í leikskólastarfi.....	30
4.6 Lýðræði og mannréttindi.....	32
4.6.1 Lýðræði og mannréttindi í leikskólastarfi	33



5. Samþætt og skapandi leikskólastarf.....	36
5.1 Læsi og samskipti.....	37
5.2 Heilbrigði og vellíðan	40
5.3 Sjálfbærni og vísindi.....	43
5.4 Sköpun og menning.....	45
6. Fjölskyldan, upplýsingamiðlun og leikskólinn	49
6.1 Foreldrasamtöl	49
6.2 Opið hús.....	50
6.3 Foreldrafundir	51
6.4 Foreldraráð	51
6.5 Foreldrafélag	51
6.6 Sérfræðipjónusta.....	52
6.7 Miðlun upplýsinga milli leikskóla og grunnskóla	52
7. Tengsl skólastiga og tengsl við nærumhverfið.....	53
8. Mat og eftirlit	55
8.1 Ytra mat á leikskólastarfi	55
8.2 Innra mat á leikskólastarfi	55
8.2.1 Mat barna.....	56
8.2.2 Mat starfsmanna leikskólans.....	57
8.2.3 Mat foreldra	58
Heimildaskrá.....	59



1. Inngangur

Leikskólar eru menntastofnanir þar sem markmiðið er að koma til móts við mismunandi námsþarfir ólíkra barna og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Í hverjum leikskóla er skólanámskrá gefin út og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar. Aðalnámskrá leikskóla byggir á lögum um leikskóla nr. 90/2008 og er rammi um leikskólastarfið og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Námskráin birtir heildarsýn um menntun og útfærir nánar þá menntastefnu sem felst í lögnum og veitir upplýsingar um tilgang og starfsemi skóla. Hlutverk aðalnámskrár er að birta menntastefnu stjórnvalda og ber leikskólum og starfsmönnum þeirra að fylgja ákvæðum hennar við skipulagningu leikskólastarfs. Aðalnámskrá á því að tryggja leikskólabörnum góðar aðstæður til náms í samræmi við gildandi lög og menntastefnu. Aðalnámskrá er helsta stjórnþæki fræðsluyfirvalda til að tryggja samræmi og samhæfingu leikskólastarfs við útfærslu sameiginlegrar menntastefnu. Námskráin er ein meginforsenda þess að mennta- og menningarmálaráðuneytið geti gegnt lögboðnu hlutverki sínu við að annast yfirstjórn og eftirlit með gæðum og framkvæmd skólastarfs. Aðalnámskrá veitir upplýsingar um helstu viðmið sem starfsemi leikskóla byggist á (Aðalnámskrá, 2011, bls. 9-10).

Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu leikskóla og skólastefnu viðkomandi sveitarfélags. Skólanámskráin er endurskoðuð reglulega en árlega er gefin út sérstök starfsáætlun sem gerir grein fyrir árlegri starfsemi leikskóla, svo sem skóladagatali, áhersluatriðum í uppeldi og menntun barnanna svo og öðru því sem varðar starfsemi leikskólans sbr. 14. gr. laga nr. 90/2008. Tengsl á milli skólanámskrár og starfsáætlunar eru mikilvæg þar sem starfsáætlun tekur mið af endurmati og umbótum á skólastarfinu sem leiðir til breytingar á skólanámskrá leikskólans (Aðalnámskrá, 2011, bls. 10-11).

Í leikskólum á velferð og hagur barna að vera að leiðarljósi í öllu starfi. Veita á börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla á að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla eiga að mótast af umburðarlyndi og



kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla eru:

- að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra
- að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku
- að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar
- að stuðla að vísýni barna og efla siðferðisvitund þeirra
- að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun
- að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta (Lög um leikskóla 2008/90).



2. Leikskólinn Vesturkot

Leikskólinn Vesturkot er staðsettur á Hvaleyrarholtinu í Hafnarfirði. Víðáttan er mikil í nágrenni leikskólans og útsýnið er stórkostlegt. Keilir gnæfir við í suðri og Snæfellsjökullinn blasir við í allri sinni dýrð í vestri. Stutt er í ósnortna náttúruna þar sem úfið hraunið er við túnfótinn og örstutt er í fjöruna. Leikskólinn Vesturkot dregur nafn sitt af bænum Vesturkoti sem var síðasti byggði bærin á Hvaleyrinni. Skólinn tók til starfa þann 14. apríl árið 1994.



Það dvelja nú að meðaltali 68 börn á aldrinum 18 mánaða til sex ára í leikskólanum yfir daginn og er boðið upp á breytilegan dvalartíma. Húsnæðið er 630 m², þar af er leikrými 308 m² og á lóð leikskólans hefur náttúran fengið að halda sér óbreytt að miklu leyti. Í Vesturkoti eru þrjár deildir. Þar sem óvenju víðsýnt er frá leikskólanum eru deildirnar nefndar eftir höfuðáttunum fjórum. Deildin Norðurholt er staðsett í norðausturhluta skólans. Þar dvelja yngri nemendur skólans, allt frá eins árs aldri til þriggja ára. Í suðvesturhluta skólans eru deildirnar Suðurholt og Vesturholt. Þar stunda eldri nemendur skólans nám, eða frá aldrinum 3ja til 6 ára.



2.1 Starfsfólk leikskóla

Forsendur að farsælu leikskólastarfi er mannauður leikskólans. Starfsfólk leikskóla ber að rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og af samviskusemi. Starfsfólkið skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki samkvæmt 5. gr laga um leikskóla frá árinu 2008. Fagmennska í leikskólastarfi snýst um börnin í leikskólanum, menntun þeirra og velferð. Á starfsfólki hvílir sú skylda að veita börnunum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva leikgleði þeirra og efla frjóa hugsun (Aðalnámskrá, 2011, bls. 11). Á herðum leikskólastjóra hvílir sú skylda að stuðla að samstarfi milli foreldra, starfsfólks leikskóla og annars fagfólks með velferð um hagi barna og foreldra þeirra að leiðarljósi. Einnig ber leikskólastjóra að brýna þagnarskyldu fyrir starfsfólki sínu sem felst í þagnmælsku um vitneskju sem það fær í starfi sínu og skal fara leynt samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanns og/eða eðli málsins samkvæmt 52. gr barnalaga nr. 76/2003.

2.2 Hlutverk leikskólastjóra

Leikskólastjóri er fag- og rekstrarlegur leiðtogi og ber honum að vera í forystu um þróun metnaðarfulls leikskólastarfs. Hlutverk leikskólastjóra er að leiða lýðræðislegt samstarf ólíkra hópa sem starfa innan leikskólans og að sjá til þess að starfsfólk leikskólans hafi tækifæri til að efla þekkingu sína og vera í stöðugri starfsþróun. Að lokum ber leikskólastjóra að sjá til þess að farið sé eftir aðalnámskrá, lögum og reglugerðum og stefnum sveitarfélagsins (Lög um leikskóla 2008/90, Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 31, Skólastefna Hafnarfjarðar, 2009, bls. 7 - 8 og Mannauðsstefna Hafnarfjarðar, 2011, bls. 2 - 3).

2.3 Hlutverk leikskólakennara og annarra starfsmanna

Leikskólakennurum ber að gegna lykilhlutverkum í öllu leikskólastarfi. Þeir eiga að vera leiðandi í mótun uppeldis og menntastarfsins, fylgjast með nýjungum og miðla þekkingu. Þeir eiga að vera góðar fyrirmyndir í starfi með börnum og leitast við að styrkja lýðræðislegt hlutverk leikskólans. Leikskólakennurum ber að sjá til þess að hvert barn fái notið hæfileika



sinna og að námsumhverfi sé skipulagt á þann veg að börn fái notið bernsku sinnar. Leikskólakennarar eru í mikilvægu hlutverki við skipulagningu og framkvæmd innra mats.

Allt starfsfólk leikskóla á að koma fram við börn af virðingu, taka tillit til og hlusta á þau. Starfsfólk ber ábyrgð á að vera í gefandi samskiptum við börn, samstarfsfólk og fjölskyldur barna. Starfsfólki ber að vinna í anda aðalnámskrár og tileinka sér þá sýn sem sett er fram til barna og náms (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 11-12, 31).





3. Hugmyndafræði og stefna Vesturkots

Hlutverk leikskólans er meðal annars að búa börnin undir áskoranir og verkefni daglegs lífs og hjálpa þeim að fóta sig í flóknu samhengi náttúru og samfélags, hluta og hugmynda. Leikskólabörn þurfa að hafa vitneskju um hvað þau geta og vita hvernig best er að beita þekkingu sinni og leikni til að hafa áhrif á umhverfi sitt og bæta það. Nám í leikskóla þarf að byggjast á námssamfélagi sem einkennist af grunnþáttum menntunar: læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindum, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. Við skipulag leikskólastarfs skal lögð áhersla á nám og menntun barnanna og kennsluáferðir og samskiptahættir, námsgögn og kennslutæki eiga að beinast fyrst og síðast að því að styðja börnin í námi sínu. Leikskólastarf og nám, sem skilgreint er út frá grunnþáttum menntunar, er sinnt innan námssviða og það fléttað saman við námssviðin (Aðalnámskrá, 2011, bls 22).

Til að öðlast fjölbreytilega hæfni eiga leikskólabörnum að gefast tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengjast menningu samfélagsins, umhverfi og daglegu lífi. Í öllu leikskólastarfi þarf að styrkja börn til að temja sér námshæfni þar sem hún er undirstöðupáttur í öllu leikskólastarfi og byggist á sjálfsskilningi og áhuga. Námshæfni felur í sér að þekkja eigin styrkleika og veikleika og að vera fær um að taka ákvarðanir á þeim grunni. Námshæfni byggist á eðlislægri forvitni barna, áhugahvöt þeirra, trú á eigin getu og hæfileika til að beita hæfni sinni í margvíslegum viðfangsefnum á uppbyggilegan hátt og því er mikilvægt að námsumhverfi í leikskólum sé örvandi (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 23-24).

3.1 Einkunnarorð Vesturkots

Einkunnarorð Vesturkots eru **Lífsgleði – Leikni – Leikur**. Í einkunnarorðunum felst að lífsgleðin er höfð að leiðarljósi í skólastarfinu. Jafnframt eru börnin hvött til að tileinka sér það viðhorf til lífsins. Leiknin er þjálfuð í daglegu starfi með því að efla þroskaþætti barnanna á hvetjandi og glaðlegan hátt. Leikurinn er svo helsta kennslutækið til að þjálfva og miðla lífsgleði og leikni til barnanna.



3.1.1 Lífsgleði

Hvert og eitt barn á að fá að upplifa lífsgleði, líða vel og hafa gott viðhorf til sjálfs síns og umhverfisins. Að hafa sterka og góða sjálfsmynd er mjög mikilvægt þegar börnin kljást við lífið og líklega það allra mikilvægasta veganesti sem þau geta fengið.

Til að ná fram því markmiði er nauðsynlegt að börnin hafi þekkingu á sjálfum sér og umhverfi sínu. Börnin móttast mikið af því umhverfi sem þau eru í og þar sem mörg þeirra dvelja stóran hluta dagsins í leikskólanum hafa starfsmenn mikil áhrif á þau viðhorf sem börnin tileinka sér. Einnig skiptir miklu máli hvaða viðhorf starfsmenn hafa til barnanna því það hefur áhrif á hvaða viðhorf börnin hafa til þeirra sjálfra. Því er mikilvægt að starfsmenn séu sjálfir jákvæðir og tali vingjarnlega til allra barna auk þess sem sýna þarf þeim virðingu. Starfsmenn þurfa að vera góðar fyrirmyndir þar sem börn læra þá hegðun sem fyrir þeim er höfð. Mikilvægt að öll börn fái sömu tækifæri til að þroskast og dafna. Einblínt er á það sem vel er gert og börnunum er hrósað fyrir að sýna æskilega hegðun. Þannig fá börnin hvatningu og tilsögn til að halda áfram á sömu leið auk þess sem sjálfsmynd þeirra styrkist.

3.1.2 Leikni

Það er einstakt að fylgjast með hversu móttækileg börn á leikskólaaldri eru. Þau þroskast hratt og temja sér fljótt nýja færni. Huga þarf að öllum þroska- og námsþáttum þegar skólastarfið er skipulagt. Þroskaþættirnir eru: Líkams- og hreyfiþroski, tilfinningaþroski, vitsmunþroski, málþroski, félagsþroski, fagurþroski og siðgæðisþroski. Þroskaþættirnir eru eflidir í daglegum athöfnum, svo sem við



matarborðið, í fataklefa og í samskiptum innan skólans. Í hópastarfi, samverustundum og val tímum er unnið markvissar með þroskaþættina og starfið skipulagt með þessa þætti í huga.

3.1.3 Leikur

Börn eru skapandi og læra fyrst og fremst í gegnum leikinn. Gengið er út frá virkri þátttöku barnanna, að þau fái að handfjatla hlutina, fáist við þrautalausnir og að verkefnin séu tengd daglegum athöfnum. Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er hornsteinn leikskólastarfsins. Segja má að leikurinn sé bæði í senn markmið og leið í daglega starfinu. Leikurinn er lífstjáning og gleðigjafi barnsins og er því jafnframt aðalkennslutækið. Í gegnum leikinn fá börnin meðal annars tækifæri til að:



- skapa leikinn úr sínum hugarheimi
- taka ákvarðanir á eigin forsendum
- leita lausna
- endurspegla reynsluheim sinn
- einbeita sér
- fá útrás fyrir tilfinningar sínar
- taka tillit til annarra
- öðlast samkennd og vináttu

Í Vesturkoti er lögð mikil áhersla á leikinn. Hugað er sérstaklega vel að því að börnin hafi næg tækifæri til að leika sér. Leikefni leikskólans er fjölbreytt og miðar að því að börnin fái öll notið sín eftir áhugasviðum sínum og þroska. Hvert tækifæri er notað til ýmissa hreyfileikja bæði úti og inni. Hlutverkaleikur dafnar þegar börnin bregða sér í hin ýmsu gervi. Börnin verða á svipstundu mömmur, pabbar, afar, ömmur, lækningar, kennarar, prinsessur og löggur svo eitthvað sé nefnt. Börnin breytast í verkfræðinga og smiði þegar þau byggja úr kubbum og einbeitingin eykst þegar þau glíma við hin fjölbreyttustu spil.

Leikurinn blómstrar einnig úti en þar gefast önnur leiktækifæri. Eins og gefur að skilja breytast leikir barnanna eftir árstíðum. Á veturna er snjókallagerðin og að renna sér í

brekkum í fyrirrúmi en á sumrin rísa upp sandkastalar með tilheyrandi sandkökum frá upprennandi bakameisturum. En það sem skiptir mestu máli er að hvert barn fái að njóta sín í leik á eigin forsendum og hafi tækifæri til að fá nýjar hugmyndir í örvandi umhverfi.



3.2 Skapandi starf og opinn efniviður

Helstu áherslupættirnir í skólastarfinu í Vesturkoti eru skapandi starf og opinn efniviður. Opinn efniviður er sá efniviður sem börnin geta sjálf bjargað sér með og skapa á eigin hátt hvernig þau leika með. Með því að bjóða upp á opinn efnivið eykst trú þeirra á eigin getu og hæfni. Opinn efniviður styður við þroska barnanna og hæfni til sjálfstrausts og sjálfstæðis. Börnin öðlast reynslu í frumkvöðlahugsun og að engin ein rétt lausn sé til. Þeirra er að skapa það sem út úr hinum einfalda efnivið er að hafa.

Skapandi efniviður hvetur til samskipta og samleiks og hentar börnum afskaplega vel þar sem hann dregur úr samkeppni og börnin læra hvort af öðru. Áhersla er lögð á að vinna út frá forvitni og áhuga barnanna. Í skapandi starfi er það sýn barnsins sem skiptir mestu máli.



Áskorun barna og fullorðinna er að skapa verðmæti úr verðlausu efni þannig að það verði að fallegum og listrænum hlutum sem örva nám, sköpunarmátt og ímyndunarafli.

Sköpun eigin verks gefur sjálfstraust og löngun til að prófa og reyna. Tilraunastarfinu fylgir aukinn kraftur til að taka á mistökum og æfa sig meira og meira. Það skiptir ekki öllu máli hvert viðfangsefnið og útkoman úr verkinu er. Ferlið, nálgun og vinna barnanna á meðan á verki stóð er það sem skiptir ekki síður máli. Þess vegna er mikilvægt að vinnan sé í höndum barnanna.

3.3 SMT

Unnið er með SMT skólafærni (School Management Training) í Vesturkoti. SMT er hafnfirsk útfærsla á bandarísku aðferðinni PBS (Positive Behavior Support) og er notuð til að fyrirbyggja, draga úr og stöðva hegðunarfrávik og skapa þar með jákvætt andrúmsloft. Viðbrögð starfsmanna eru samræmd og áhersla er lögð á að gefa jákvæðri hegðun gaum og nálgast börnin með glaðlegum hætti. SMT er verkfæri sem notað er til að styrkja jákvæða hegðun í skólum og kenna æskilega hegðun. SMT skólafærni er byggð á hugmyndafræði PMT foreldrafærni (Parent Management Training) en hana hafa foreldrar kost á að tileinka sér.

Einfaldar reglur eru í gildi í Vesturkoti sem eru leiðbeinandi um hvað æskilegt sé að gera í hverjum aðstæðum fyrir sig. Þessar reglur eru lagðar inn reglulega og settar upp á vegg til að minna á að fara eftir þeim. Þegar börnin fara að settum reglum fá þau bros. Brosin eru umbun fyrir að sýna jákvæða hegðun og eru hvetjandi fyrir börnin að halda áfram á sömu braut. Börnin safna brosunum á sólargeisla sólarinnar sem hangir uppi á vegg inni á hverri deild. Þegar brosin fylla sólargeislana er komið að sólarveislu sem getur verið með margvíslegum hætti. Börnin hafa þá fyrirfram valið á lýðræðislegan hátt hvernig veislan á að vera og getur það verið allt frá blöðruveislu og poppi til búningadags eða strætóferðar og allt þar á milli.

3.4 Kennsluhættir leikskólans

Leikurinn er grunnurinn í kennsluháttum leikskólans. Eins og fram hefur komið er leiknum því gefinn mikill tími og rými í dagskipulaginu svo tækifærin til aukinnar þekkingar og færni séu sem flest. Skipulag og umhverfi leikskólans hefur áhrif á leik barna. Því þarf sérstaklega að huga að því að:

- nota skapandi efnivið sem örvar ímyndunarafl og sköpunargleði barnsins
- flétta leikinn inn í allt starf leikskólans
- leitast við að gera allt nám að leik
- gefa tíma til útiveru þar sem frjáls leikur er í hávegum hafður
- kveikja hugmyndir að leik t.d. með vettvangsferðum, sögu- og ljóðalestri og fleiru
- kennarar séu sjálfir góð fyrirmynd og hjálpa börnunum að glæða líf í leikinn



3.5 Námsumhverfi

Í Vesturkoti hefur hver deild þrjú herbergi til umráða auk minni rýma á deildum. Listakot er sitthvoru megin í húsinu sem deildirnar skipta með sér í listsköpun og bjartur og rúmgóður salur er í miðrými sem allar deildirnar nýta sér. Sameiginleg svæði eru því fá og þess vegna



skapast aðstæður til að hafa börnin í minni hópum og loka á milli rýma. Þannig næst meiri rósemd og auðveldara er að vinna að verkefnum sem krefjast einbeitingar. Leiksvæðin á deildunum eru fjölmörg og fastmótað er hvaða efnivið er unnið með á hverjum stað fyrir sig. Þannig tengja börnin svæðin við tiltekið leikefni og ganga að því vísu þar. Spjöld eru á veggjum til að minna enn frekar á hvað er í boði á hverju svæði. Hugað er að því að bjóða upp á hvetjandi og skapandi umhverfi sem eflir börnin í námi og leik.

Útisvæðið er stórt og ættu allir að geta fundið þar viðfangsefni við hæfi. Skemmtilegir steinar eru á lóðinni sem bjóða upp á fjölbreytta leiki auk þess sem stór sandkassi, rólur og kastali með rennibraut er á svæðinu. Stutt er í hraunið og fjöruna og eru þau svæði mikið notuð í vettvangsferðum og gefast þar ný leiktækifæri.




4. Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Þeir snúast líka um framtíðarsýn, getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa. Grunnþættir menntunar eru *læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnréttindi og sköpum*. Grunnþættirnir eiga sér stoð, hver með sínum hætti í löggjöf fyrir leikskóla, ákvæði um menntun og fræðslu í skólakerfinu, stefnu stjórnvalda, stefnu alþjóðlegra stofnana og alþjóðlegra samninga sem Ísland er að aðili að. Þegar stefnan var mörkuð var haft til hliðsjónar hugmyndir meðal annars um fagmennsku leikskólakennara og reynslu úr þróunarstarfi í leikskólum landsins. Hugmyndin að grunnþáttunum er sú að þeir eiga að endurspeglast í starfsháttum leikskólanna, þekkingu og leikni sem börnin afla sér sem og að vera sýnilegir í leikskólastarfinu (Aðalnámskrá, 2011, bls 14).

4.1 Jafnrétti

Hugtakið jafnrétti nær til margra, fjölbreyttra þátta. Má þar nefna í stafrófsröð; aldur, búsetu, fötlun, kyn, kynhneigð, litarhátt, skoðanir, menningu, stétt, trúarbrögð, tungumál, þjóðerni og ætterni. Með jafnréttismenntun eru sköpuð tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum burtséð frá þessum þáttum sem oft geta skapað ýmist mismunun eða forréttindi. Markmiðið er að gefa öllum tækifæri til að rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi og leggja áherslu á að fram fari nám um menningu, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð og lífsskoðanir. Með jafnrétti er einnig lögð áhersla á félagslegan skilning á hvað felst í fötlun og lögð er áhersla á skóla án aðgreiningar í öllu leikskólastarfinu. Þá felur jafnréttismenntun í sér greiningu og gagnrýna athugun á viðteknum hugmyndum sem ríkjandi eru í samfélaginu og stofnunum þess (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls 19 – 20, Kristín Dýrfjörð, Þórður Kristinsson og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2013).

4.1.1 Jafnrétti í leikskólastarfi



Í Vesturkoti er margbreytileikanum tekið fagnandi. Bæði starfsmenn og börn eru af ólíkum uppruna og allir hafa eitthvað fram að færa. Unnið er að jafnrétti á ýmsan máta í Vesturkoti, meðal annars í gegnum leikinn, valtíma, hópastarf, sjálfsbjörg og málörvun. Jafnrétti birtist meðal annars í leiknum en þar fá öll börn jöfn tækifæri og njóta sama réttar auk þess sem þeim er gefið ákveðið svigrúm til að þróa og skapa sinn leik á eigin forsendum. Valtímar eru nokkrum sinnum yfir daginn en í vali velja börnin sér leiksvæði og misjafnt er með hvaða börnum þau lenda. Í valtímum blandast barnahópurinn þannig að þau leika sér ekki alltaf við sömu börnin en enginn leikur einn nema óskað sé sérstaklega eftir því. Börnin skapa sjálf sinn leik í vali með opinn efnivið og mótast hann út frá þeim aðstæðum og lífssýn sem þau hafa. Öll börn fá tækifæri til að koma sínum hugmyndum á framfæri og endurspegla þann raunveruleika sem þau búa í.

Í hópastarfi er unnið í minni hópum og unnið markvisst að því að styrkja alla þroskaþætti barnanna. Komið er á móts við stöðu hvers og eins þegar hópastarfið er skipulagt svo allir njóti sömu möguleika á að þroskast og dafna. Í athöfnum daglegs lífs fá börnin þjálfun í sjálfsbjörg. Það eflir sjálfstraust barna að finna að þau geti til dæmis klætt sig sjálf í útifötin eða borðað hjálparlaust. Það er misjafnt hvenær börn ná þessari færni og því er komið á móts við hvert og eitt barn eftir því hvenær þau eru tilbúin í að takast á við nýjar áskoranir.




Bækur og söngvar eru mikilvægt námsefni þegar hugað er að jafnrétti. Bækur túlka oft á tíðum þann tíðaranda sem er ríkjandi þegar þær eru skrifaðar og sama má segja um söngtexta. Þannig endurspeglar bækur og söngtextar sem nú eru samdir þá hugsun sem nú er ríkjandi til dæmis í jafnréttismálum. Viðhorf sem ríkjandi voru fyrir fimmtíu árum eiga ekki endilega öll samleið með þeim viðhorfum sem nú eru ríkjandi. Er það meðal annars vegna þess hversu mikið jafnréttisbaráttan hefur skilað sér í samfélagið. Starfsmenn Vesturkots líta því á þetta námsefni gagnrýnum augum og vega og meta hvort það eigi erindi í kennslu með börnunum. Einnig gefa þeir sér tíma til að útskýra fyrir börnunum þau viðhorf sem fólk hafði áður fyrr og gefa börnunum skýr skilaboð um það að þau séu öll jöfn, burtséð frá því hver þau eru og hvaðan þau koma.

4.2 Læsi

Við lesum misjafnlega í þær aðstæður sem eru í kringum okkur og ýmsir þættir ráða til um hvernig við túlkum og skiljum umhverfið. Reynsla okkar, bakgrunnur og færni eru þættir sem meðal annars segja til um hversu læs við erum. Við getum átt erfitt með að skilja og túlka vissa þætti í afmörkuðum hópum meðan við eigum auðveldara með það í öðrum. Tölvutæknin býður upp á að nota fleiri en eitt mál við nám og kennslu. Hægt er að afla efnis, vinna úr því og miðla á fjölbreyttan hátt. En þótt verkfærum í skólastarfi hafi fjölgað, dregur það þó ekki úr mikilvægi ritunar og lesturs í hefðbundnum skilningi. En möguleikarnir eru fleiri í samskiptum, námi og merkingarsköpun og er það í þágu hvers einstaklings og samfélagsins. Lengi vel var talið að læsi væri fyrst og fremst vitsmunalegt fyrirbæri sem snerist um tiltekin ferli í huga manna en sífellt fleiri tengja það ekki síður við menningu og samfélag (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls 16 – 17, Stefán Jökulsson, 2012, bls 28).

4.2.1 Læsi í leikskólastarfi



Í Vesturkoti er hugað að því að umhverfið sé læsishvetjandi. Þegar börnin koma á morgnanna byrja þau á að finna nafnið sitt sem skrifað er á spjald. Spjaldinu snúa þau við og hinum megin á því er mynd af barninu. Þannig gefa börnin til kynna að þau séu mætt í skólann sinn. Þegar skóladeginum lýkur snúa þau svo myndinni sinni aftur við og gefur það til



kynna að barnið sé farið heim. Börnin fylgjast með hvaða börn eru komin og eru dugleg að minna hvert annað á ef þau gleyma að snúa við myndinni sinni. Með því að hafa nafnið þeirra öðrum megin á spjaldinu, verða börnin meðvitaðri um hvernig nafn þeirra er ritað. Myndrænt dagskipulag er á veggjum deilda og er það sýnilegt börnunum. Dagskipulagið sýnir hvern og einn lið dagskipulagsins með mynd og ritmáli til stuðnings. Þannig sjá börnin hvað er framundan og öðlast smám saman skilning á hvers er ætlast til að þeim við hverjar aðstæður fyrir sig. Auk þess tengja börnin saman mynd og ritmál sem vekur áhuga þeirra á hinu ritaða máli. Á morgnanna er farið í gegnum dagskipulagið með barnahópnum og valdir eru þjónar dagsins **en inni á yngri deildum byrjum við að hafa þjóna á vorönn**. Reglulega yfir daginn er skoðað hvað sé næst í dagskipulaginu og hjálpar það börnunum þegar þau skipta um viðfangsefni. **Á eldri deildum er** daglega athugað hvaða vikudagur, mánaðardagur og mánuður sé hverju sinni, hvernig veðrið er úti og hvernig sé þá æskilegt að klæða sig í útiverunni. Þetta er allt á miðum með mynd og ritmáli og sett á töflu í sjónhæð barnanna. Þegar börnin fara síðan út er taflan með klæðaburðinum sett fram í fataklefa og börnin þannig hvött til að lesa sjálf í hvernig ber að klæða sig. Fatahólf, körfur, teikningar og skúffur barnanna eru einnig merkt með nafni þeirra.

SMT reglurnar eru skýrar og kynntar reglulega fyrir börnunum á öllum deildum. Farið er í gegnum hvað reglurnar þýða og hvað felst í þeim. Stundum þarf að minna börnin á reglurnar en þær eru aðgengilegar og sýnilegar bæði með mynd og ritmáli. Ef börnin gleyma að fylgja einhverri reglu er þeim bent á hana og rifjað upp með þeim hvað felst í henni. Þannig lesa börnin í hvað ætlast er til af þeim og hvað sé æskilegt miðað við aðstæður hverju sinni. Auk þess leggja reglurnar grunn að því hvernig samskiptum við aðra skuli vera háttað. Börnin fylgjast einnig með vinum sínum og sjá hvernig þeir bregðast jafnvel allt öðru vísi við sömu kröfum. Þannig fá börnin tækifæri til að leiðbeina hverju öðru og kenna að fara að reglum. Við matarborðið er farið í gegnum borðsiði og almenna mannsiði sem mikilvægt er að börnin læri að tileinka sér.

Leikurinn er mikilvægur þegar kemur að læsi. Í gegnum hlutverkaleikinn fá börnin tækifæri til að setja sig í spor annarra, bregða sér í þau hlutverk sem þau vilja og vinna úr raunverulegum aðstæðum. Haft er á orð á tilfinningum barnanna hverju sinni og þau hvött

til að setja sig í spor annarra. Á eldri deildunum er námsefnið Vinátta nýtt með elstu þremur árgöngunum. Með námsefninu er farið dýpra í ýmsar tilfinningar og hugað að því hvernig öðrum líður með því að lesa í aðstæður, svipbrigði og umhverfi.



Misjafnt er hversu langt málþroskinn er kominn hjá börnum og tekið er mið af því þegar valdar eru bækur til að lesa fyrir þau. Staldráð er við meðan á sögulestri stendur og flóknari orð eru útskýrð fyrir börnunum. Hópum er stundum skipt eftir getustigi til að börnin fái sögur og lestur fyrir sitt þroskastig. Í leikskólanum eru starfsmenn hvattir er til þess að börnunum séu einnig sagðar sögur sem hvetja enn frekar til hlustunar og auka orðaforðann enn frekar. Í samverustundum eru fjölbreytt lög sungin, **hlustað er á sögur, fjölbreyttir fyrirmælaleikir** og börnin fá öll tækifæri til að standa upp og segja frá því sem þeim býr í hjarta. Máttur þess að tala við börnin er mikill. Því má ekki gleyma að börnin læra mest af því þegar talað er við þau og orð sett á daglegar athafnir.

Á yngri deildum mætir bangsinn Bassi í hópastarfi eða sögustund en hann vinnur með ýmis hugtök s.s. heiti lita, forma eða bókstarfi barnanna.



Námsefnið með Lubbi finnur málbein er nýtt á öllum deildum en þó á mismunandi vegu. Yngri nemendur vinna eingöngu með hljóðið og læra að gera ták hljóðsins. Nemendur á eldri deildum vinna svo með ták hljóðsins á fjölbreyttari máta.

4.3 Heilbrigði og velferð

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Þar sem börn verja stórum hluta dagsins í skóla er nauðsynlegt að skólastarfið efli heilbrigði og stuðli markvisst að velferð og vellíðan. Skólabragurinn þarf að vera jákvæður og umhverfið heilsueflandi. Með það að leiðarljósi er hægt að hlúa að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum enda ræðst heilbrigði af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Veita þarf fræðslu um mikilvægi hreyfingar og skapa öruggt umhverfi sem hvetur til aukinnar hreyfingar. Fæðuval þarf að vera heilsusamlegt og fjölbreytt svo hægt sé að stuðla að heilbrigði. Máltíðir hafa ekki síður uppeldislegt og félagslegt gildi og því er nauðsynlegt að gefa nægan tíma til að nærast.

Mikilvægt er að efla færni barna í samskiptum og að taka sjálfstæðar, upplýstar og ábyrgar ákvarðanir. Öll börn þurfa að fá tækifæri til að njóta sinna styrkleika og gefa þarf áhugasviðum þeirra gott rými. Þetta er mikilvægur þáttur í að byggja upp sjálfsmynd þeirra enda er sterk og heilbrigð sjálfsmynd það allra mikilvægasta veganesti sem börn geta fengið út í lífið (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls 21, Margrét Héðinsdóttir, Fanný Gunnarsdóttir og Erla Kristjánsdóttir, 2013, bls 8).

4.3.1 Heilbrigði og velferð í leikskólastarfi



Það er börnum eðlislægt að hreyfa sig og hreyfingin stuðlar að aukinni vellíðan. Með hreyfingu öðlast börn færni í að beita líkamanum og samhæfa hreyfingar sínar. Úthald og líkamleg geta eykst auk þess sem líkamsvitundin verður meiri. Í Vesturkoti gefast fjölmörg tækifæri til hreyfingar. Stór og bjartur hreyfisalur er í miðju húsinu og skiptast deildirnar á að hafa hann til afnota. Boðið er upp á skipulagðar hreyfistundir í salnum undir stjórn hópstjóra og hugað er að því að hafa hreyfinguna í senn fjölbreytta og krefjandi. Inni á deildum koma þrautabrautir, hreyfileikir og dans við sögu í hópastarfi og samverustundum. Daglega fara öll börn í útiveru og þar fá þau tækifæri til að ærslast og fá útrás fyrir hreyfiþörfina auk þess sem útiveran eflir mótstöðu líkamans. Farið er reglulega í vettvangsferðir og þar fá börnin tækifæri til að þjálfa úthald sitt og kljást við ójöfnur og klifur í úfnu hrauninu og við fjöruborðið. Fínhreyfingar eru þjálfaðar í daglegum athöfnum þegar börnin æfa sig að klæða sig sjálf í og úr útifötum, teikna, klippa og fást við fjölbreyttan efnivið.

Umhyggjan skipar stóran sess í leikskólastarfi. Með því að sýna börnunum umhyggju er lagður grunnur að öryggi þeirra og vellíðan. Hlúa þarf að börnunum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir þeirra og getu. Það er því mikilvægt að starfsmenn myndi góð og nán tengsl við börnin og komi til móts við þau í samræmi við þroska. Sýna þarf börnum skilning og stuðning auk þess sem viðurkenna þarf þá eiginleika



sem þau búa yfir. Þegar börnin koma í leikskólann á morgnana eru þau boðin velkomin og þeim heilsað hlýlega með nafni. Börnin fá tækifæri til að kljást við daglegar athafnir sem styrkja getu þeirra. Dagskipulagið er í föstum skorðum og er sýnilegt á veggjum á myndrænan hátt. Með því skapast öryggi og börnin vita hvað bíður þeirra og hvers er ætlast til. Mikið er lagt upp úr vinsemd og umburðarlyndi. Börnin eru hvött til að styðja við aðra og hugga þegar þeim líður illa og setja sig í spor þeirra. Börnunum á deildinni er skipt í minni hópa sem sérstakur hópstjóri heldur utan um og eru í hópnum sínum stóran hluta dagsins, meðal annars í hópatímum og matmálstímum. Það veitir börnunum aukið öryggi að vera hluti af minni hóp auk þess sem hópstjórinn fær betri yfirsýn yfir líðan barnanna í hópnum, getu þeirra og langanir.



Þar sem börn dvelja í leikskólum stóran hluta á degi hverjum, er mikilvægt að huga að gildi hollrar næringar. Í Vesturkoti er boðið upp á hollan morgunmat á hverjum morgni hafragrautur 3var í viku, ýmiskonar kormeti og eða Ab mjólk hina dagana. Ýmist er grænmeti eða ávextir í millimál og hádegisverðurinn er fjölbreyttur. Boðið er upp á fisk tvisvar sinnum í viku og vikulega er boðið upp á einhvers konar grænmetisrétt. Ýmsir baunaréttir eru á boðstólum og ferskt grænmeti er notað sem meðlæti flesta daga. Matmálstímarnir í Vesturkoti eru ekki síður félagsleg athöfn enda er rætt um málefni líðandi stundar,



hollustugildi matarins og þá borðsiði sem nauðsynlegt er að tileinka sér. Því er gefinn rúmur tími til að nærast svo þessi markmið náist.

Slökun og hvíld eru gríðarlega mikilvægir þættir til að stuðla að heilbrigði og velferð. Þar sem börnin kljást daglega við fjölbreytt og krefjandi verkefni í leikskólanum er nauðsynlegt að huga að því að gefinn sé ríkulegur tími til hvíldar og slökunar. Í dagskipulaginu þarf að ríkja jafnvægi á milli rólegra stunda og fjörugra. Þetta er haft í huga í dagskipulagi Vesturkots. Börnunum er skipt í minni hópa yfir daginn sem skapar meiri ró og yfirsýn. Eftir hádegisverð fara allir þrír yngstu árgangarnir í hvíld/slökun sem er sniðin að þörfum þeirra en elstu börnin í rólega borðvinnu. Á eldri deildum er útiverunni skipt niður þannig að einungis helmingur barnanna fer í útiveru meðan hin eru í val tíma. Þau börn sem þurfa á lengri hvíld að halda fara út á morgnana og eru inni eftir hádegi. Hins vegar eru börnin sem þurfa á minni hvíld að halda í val tíma fyrir hádegi en ærslast í útiveru eftir hádegi. Með því er stuðlað að meiri ró, bæði inni og úti og komið til móts við þau börn sem þurfa á aukinni hvíld og rólegheitum að halda. Starfsmenn hafa allir farið á námskeið hjá Hugarfrelsi og eru hvattir til að nýta þær aðferðir við slökun hjá nemendum. Unnið er með hugleiðslusögur þar sem það á við og börnum kenndar aðferðir við öndun. Starfsmenn eru hvattir til að nýta þessar aðferðir oftast yfir daginn s.s. í biðtíma og þegar skipta á yfir í önnur verkefni.

Hreinlæti og hreinlætisvenjur eru einn af þeim hornsteinum sem stuðla að heilbrigði og hreysti barna í leikskólum. Kenna þarf börnum að tileinka sér hreinlæti og gegna starfsmenn þar þýðingarmiklu hlutverki því þeir eru fyrirmynd í umgengnisvenjum. Í dagskipulagi Vesturkots er gert ráð fyrir að gefa hreinlæti góðan tíma. Handþvottur er mikilvægur hlutur þegar kemur að hreinlæti. Börnunum er strax kennt að þvo sér um hendur og fylgst er með því að þau geri það áður en matmálstímar hefjast. Eftir salernisferðir er einnig hugað að handþvotti og því er fylgt vel eftir. Því eldri sem börnin eru, því meiri þátt taka þau í að bera ábyrgð á umgengni og hreinlæti í leikskólanum. Eldri börnin aðstoða við að þurrka af borðum eftir matmálstíma og sópa gólfið. Þau eru gerð ábyrgari fyrir því að ganga vel um fatahólfið sitt og taka saman leikefni að leik loknum.




Ein af forsendum velferðar í leikskóla er að samskiptin séu jákvæð. Börn læra meðal annars í gegnum athafnir fullorðinna og því er gífurlega mikilvægt að vanda samskiptin. Með SMT er einblínt á jákvæða eiginleika barnanna og þau fá hvatningu og hrós þegar þau fara að reglum. Með þessu móti er sjálfsmynd barnanna styrkt og tekið er eftir því sem vel er gert. Gefin eru skýr skilaboð og börnin fá alltaf tækifæri til að leiðrétta hegðun sína. Þannig er horft jákvætt á alla einstaklinga og leitast við að styrkja þá fjölmörgu jákvæðu þætti sem börnin búa yfir.

4.4 Sjálfbærni

Þegar hugað er að hugtakinu sjálfbærni er oftast átt við að við skilum umhverfinu til afkomenda okkar í jafngóðu eða betra ástandi en við tókum við því. Við þurfum að leitast við að mæta þörfum samtímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða að mæta sínum þörfum. Umhverfið okkar umlykur allt mannlegt samfélag og því getur sjálfbær þróun ekki átt sér stað nema innan þeirra takmarka sem vistkerfi jarðar setur okkur. Það er gífurlega mikilvægt að hafa skilning á þessum takmörkunum svo okkur takist að vinna eftir hugmyndafræði sjálfbærrar þróunnar. Einnig þarf fólk að kunna að lifa í sátt með sjálfu sér og með öðrum og sé gagnrýnið og fært um að vinna að breytingum á sjálfu sér og samfélagi sínu til aukinnar sjálfbærni (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls 17 – 18, Sigrún Helgadóttir, 2013, bls 43).

4.4.1 Sjálfbærni í leikskólastarfinu



Sjálfbærni snýst um samspil þriggja þátta í þróun samfélagsins og eru þeir samofnir og háðir hverjum öðrum. Þættirnir eru umhverfi, efnahagur og félagslegir þættir. Í Vesturkoti eru þessir þrjú þættir hafðir til hliðsjónar þegar hugað er að sjálfbærni. Umhverfisþátturinn er gríðarlega mikilvægur þegar talað er um sjálfbærni og nauðsynlegt er að hugsa vel um umhverfið. En til að kenna börnum að hugsa vel um umhverfið, verða þau að fá tækifæri til að njóta náttúrunnar og hafa gaman af. Þannig fer þeim að þykja vænt um náttúruna og vilja ósjálfrátt hugsa betur um hana og vernda. Í Vesturkoti er ýmislegt hægt að fást við í nágrenni leikskólans sem gefur börnunum tækifæri til að njóta náttúrunnar. Stutt er bæði í fjöruna og hraunið. Í fjörunni fylgjast börnin með því hvernig sjónum líður því það liggur misvel á honum. Börnin telja öldurnar, moka með skóflum, flokka það sem í fjörunni finnst, safna þara og öðrum verðmætum og rannsaka hin ýmsu sjávardýr og fugla.

Í hrauninu er farið í ýmsa könnunarleiðangra. Börnin á eldri deildum velja sér leynistað og fylgjast með hvernig hann breytist á milli árstíða. Laufblöðum og plöntum er safnað og gómsætu berin eru tínd síðsumars. Spannandi hellar leynast í hrauninu sem börnin hafa gaman af að kanna og þau nota öll skynfæri sín til að upplifa náttúruna. Þannig hlusta börnin eftir þeim hljóðum sem þar er að finna, snerta á náttúrunni, bragða á og finna lyktina af auk þess sem þau njóta þess sem þau sjá í kringum sig.



Félagslegir þættir eru mikilvægir í sjálfbærni. Ef við eigum að mæta þörfum samtímans og huga að möguleikum komandi kynslóða þurfum við að vera meðvituð um hvernig samfélagið þróast og hafa góða innsýn í hvernig það virkar. Þetta þurfa börnin í leikskólanum að upplifa og því er mikilvægt að þau fái tengsl við aðrar stofnanir og fyrirtæki í kringum sig. Bilið er brúað á milli leikskóla og grunnskóla til að mynda samfelldari skólagöngu. Það er gert með gagnkvæmum heimsóknnum í leik- og grunnskóla þar sem börn og kennarar á báðum skólastigum hittast og hafa samráð sín á milli. Einnig er mikilvægt að huga að tengslum leikskólans við aðrar stofnanir í samfélaginu og fara því börnin í vettvangsferðir í ýmsar stofnanir og sækja menningarviðburði. Umburðarlyndi er ein þeirra dyggða sem unnið er mikið með. Rætt er um mismunandi uppruna og fjölskyldugerðir og komið er á móts við ólíkar þarfir og langanir hvers og eins. Þannig verða börnin víðsýnni og skapa með sér jákvæðari viðhorf til samfélagsins.

Efnahagslegi þátturinn er ekki síður mikilvægur en hinir tveir ofantaldir þættir. Nauðsynlegt er að huga að sparnaði í leikskólanum og hafa í huga hvers konar vörur eru keyptar inn. Efniviður sem til fellur er vel nýttur og stuðlað er að því að minnka ruslið sem frá leikskólanum fer. Innkaup eru takmörkuð eins og möguleiki er á og eru umbúðir endurnýttar. Hugað er að orkusparnaði með ýmsum hætti. Börnin athuga hvort ljós séu




kveikt í mannlausum rýmum og hvort vatnið sé nokkuð látið renna að óþörfu. Stuðlað er að því að minnka uppþvott og slökkt er á rafmagntækjum sem ekki eru í notkun. Börnin fylgjast með því að þessu sé fylgt eftir og fá þannig tækifæri til að axla aukna ábyrgð á umhverfi sínu.

Vesturkot er skóli á grænni grein. Starfandi er umhverfisnefnd við skólann sem gert hefur umbótaáætlun á því hvernig huga má enn betur að umhverfismálum. Gríðarlega margt hefur áunnist í skólanum þegar kemur að umhverfismálum og stöðugt endurmat og eftirlit er við skólann þegar kemur að þessum mikilvæga málaflokki. Grænfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákn um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Vesturkot hefur uppfyllt þau skilyrði sem sett eru til að flagga Grænfánanum en stíga þarf sjö skref til að ná þeim áfanga. Grænfáninn var afhentur í fyrsta skipti skólanum á tuttugu ára afmælisdegi Vesturkots, sama dag og fyrsta útgáfa þessarar námskrá kom út. Markmiðið er að umhverfismenntunin sé einn af stoðþáttunum í leikskólastarfinu þannig að börnin upplifi að það sé sjálfgefið að huga vel að umhverfinu sínu á fjölbreyttan máta. Ætlunin er að viðhalda virkri umhverfisnefnd sem hvetur aðra starfsmenn til að hafa umhverfismenntunina til hliðsjónar í allri skipulagningu leikskólastarfsins og fá heimili barnanna til liðs við skólann.

4.5 Sköpun

Skapandi hugsun er mikilvæg í þróun og uppbyggingu hvers samfélags. Sköpun snýst um að búa til eða gera eitthvað nýtt eða öðruvísi. Hún er tækifæri til að uppgötva, njóta og virkja ímyndunaraflíð og leita nýrra leiða og hugmynda. Sköpun er ferli frá því hugmynd vaknar þar til afrakstur verksins lætur dagsins ljós. Ferlið skiptir því ekki síður máli en afraksturinn. Sköpun sem grunnþáttur menntunar ætti að stuðla að persónulegum þroska og sveigjanleika í námi, frumkvæði og nýsköpun. Börn hafa ríka þörf til að tjá sig með myndmáli. Því er myndsköpun gífurlega mikilvægur tjáningarmiðill en í gegnum hana geta börnin tjáð tilfinningar sínar og reynslu. Tónlist er margbreytileg og er ríkur þáttur í allri þjóðmenningu. Hún ýtir undir sköpun og eflir næmi barna fyrir hljóðum, takti, hreyfingu og túlkun. Tónlist skiptist í söng, hlustun, hreyfingu og leiki með ýmsa hljóðgjafa (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls 22, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson, 2012, bls 6).

4.5.1 Sköpun í leikskólastarfi



Mikilvægt er að gefa börnum tækifæri til sköpunnar. Það er gert á margan hátt í Vesturkoti. Eins og fram hefur komið er mikil áhersla lögð á skapandi starf og opinn efniviður en einnig er meðal annars hægt að vinna með sköpun í gegnum leikinn, myndsköpun og í daglegum samskiptum. Í Vesturkoti fara börnin daglega í val þar sem boðið er upp á opinn og skapandi efniviður. Þar una börnin sér meðal annars í leir, einingakubbum, listsköpun, sulli og púðum. Þessi efniviður býður upp á óþrjótandi möguleika í leik barnanna og hvetur til skapandi hugsunar og frjós ímyndunaraflds. Púðarnir geta þannig einn daginn verið lest en þann næsta eldavél. Leirinn breytist á augabragði úr girnilegum snúðum yfir í bókstafi eða ofurhetjur, allt eftir hugarflugi barnanna. Engin ein rétt leið er að viðfangsefninu heldur er það barnanna að skapa leiktækifærin.

Í myndsköpun fást börnin einnig við fjölbreyttan efniviður. Mikið er unnið með verðlaust efni og eiga börnin ríkan þátt í að móta og komast að niðurstöðu um hvað sé hægt að vinna úr því hverju sinni. Börnin fá fjölmörg tækifæri til að nýta sköpunarhæfileika sína í útiveru þar sem sandurinn breytist úr fallegum og girnilegum tertum yfir í bílastæðahús eða kastala á augabragði. Á vorin er þemavinna í tengslum við Bjarta daga sem er menningar- og listahátíð í Hafnarfirði. Þá er unnið með fyrirfram ákveðið þema og afraksturinn eru listaverk af ýmsum stærðum og gerðum. Öll börn skólans taka þátt í þessari þemavinnu en elstu



börnin fá að aðstoða við að setja upp sýninguna sem er yfirleitt í einhverri af stofnun bæjarins. Myndlistarsýning er haldin í byrjun sumars. Þá er sýnishornum af afrakstri vetrarins sett upp á vegg og foreldrum og öðrum velunnurum barnanna gefst kostur á að líta á herlegheitin.



Samverustundir eru á hverjum degi í leikskólanum. Þá eru sungin ýmis lög tengd árstíðum auk þess sem sótt er í menningararfinn þegar kemur að lagavali. Á hverjum föstudegi eru Vinafundir í sal skólans. Þá koma öll börnin og starfsmenn saman og syngja fyrirfram ákveðin lög. Úrval af hljóðfærum og öðrum hljóðgjöfum er að finna í Vesturkoti. Notast er við hljóðfærin í hópastarfi þar sem börnin fá tækifæri til að spila á fjölbreytt hljóðfæri í takt við söng og tónlist sem spiluð er í hljómflutningstækjum. Til að börnin geti fengið að njóta sköpunarhæfileika sinna þarf að búa þeim þannig umhverfi sem hvetur til þess. Í Vesturkoti er hlustað eftir hugmyndum barnanna og þá er mikilvægt að kennararnir séu tilbúnir að hvetja börnin áfram í þeim verkefnum sem þau hafa áhuga á. Í vettvangsferðum njóta börnin þess að skoða nágrennið og upplifa náttúruna. Þau uppgötva alltaf eitthvað nýtt sem ýtir undir sköpunarþörfina. Skipulag ferðanna taka oftast en ekki breytingum vegna nýrra hugmynda sem spretta upp hjá börnunum meðan á ferð stendur.

Í leiknum fær sköpunin að njóta sín sem aldrei fyrr. Börnin móta og þróa leikinn á eigin forsendum og hugmyndaflugið nær hæstu hæðum. Í Vesturkoti er leiknum gefið mikið svigrúm og fá börnin mörg tækifæri til að njóta sín í fjölbreyttum leik, bæði í stórum og litlum hópum. Sögur og ævintýri eru flestum börnum hugleikin. Sögurnar verða ljóslifandi í hugum þeirra og reynir þá á skapandi hugsun. Þá er einnig nauðsynlegt að börnin fá færi á að segja sjálf sögur og eiga þátt í að skapa nýjan ævintýraheim í hugum annarra.




Það sem skiptir án efa mestu máli þegar kemur að sköpun er að kennarar séu opnir fyrir hugmyndum barnanna og grípa tækifærið til að breyta skipulagi þegar áhugi barnanna beinist annað en upphaflega var stefnt að. Einnig eru kennararnir til staðar til að aðstoða börnin við að finna spennandi viðfangsefni við hæfi og hvetja þau áfram. Í samskiptum eru börnin hvött til að leysa úr sínum ágreiningsefnum sjálf og oftast en ekki reynir þá á börnin að vera skapandi í samskiptum.

4.6 Lýðræði og mannréttindi

Börn þurfa að fá tækifæri til að læra um það samfélag sem þau búa í. Því eldri sem þau verða, eykst þátttaka þeirra í samfélaginu og því er nauðsynlegt að þau hafi kunnáttu og færni til að takast á við það. Þar sem við búum í lýðræðisríki er mikilvægt að börnin læri um

lýðræði í leikskólum. Með hugtakinu lýðræði er átt við samábyrgð og virkni einstaklinga sem gerir þá færa í að móta samfélagið sitt og hafa áhrif. Jafnframt eru mannréttindi tryggð með því að bera virðingu fyrir manngildi hvers og eins, burtséð frá litarhafti, kyni, aldri, bakgrunni, skoðunum og útliti (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls 19, Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir, 2012, bls 7).

4.6.1 Lýðræði og mannréttindi í leikskólastarfi



Þátttaka í daglegu starfi eflir þroska og getu barnanna. Í Vesturkoti eru börnin virkir þátttakendur í umhverfi sínu og eiga þátt í að móta það á sinn eigin hátt. Þegar börnin koma á morgnanna og standa frammi fyrir því að kveðja foreldra sína og takast á við daginn, reynir á sjálfstæði þeirra. Tekið er vel á móti hverju og einu barni og því er heilsað með nafni. Efling á sjálfsbjörg er mikilvægur þáttur í að styrkja sjálfstæði barnanna. Því fá þau hvatningu og þjálfun með vaxandi aldri og þroska til að segja til um hvenær þörf sé að fara á salerni, sækja útifatnað sinn, veга og meta hvernig þarf að vera útbúinn til útiveru og klæða sig sjálf úr og í útifötin sín. Í matartímum fá börnin þjálfun við að borða sjálf, nota gaffal og skeið á réttan hátt og drekka úr glasi. Börnin finna þannig að þau ráða sjálf við athafnir daglegs lífs og sjálfstæði þeirra eykst smám saman.

Á eldri deildum skiptast börnin á að vera þjónar. Nöfn barnanna eru dregin úr krukku og þau sett upp á vegg öllum til sýnis. Þjónarnir sjá samviskusamlega um að leggja á borð og



sækja matinn. Þjónahlutverkið er eftirsóknarvert og án undantekningar finna börnin til mikillar ábyrgðar. Í leikskóla eru börnin í samskiptum við aðra allan daginn. Sú þekking sem börnin afla sér í samskiptafærni er því gríðarlega mikil. Ekki er hjá því komist að upp komi ágreiningur af og til í barnahópnum og fá börnin leiðsögn í að leysa sjálf úr ágreiningnum og þau hvött til að finna lausnir á þeim málum sem upp koma. Reglulega er haft orð á líðan barnanna svo þau læri sjálf að hafa orð á hvernig þeim líður. Allir fá tækifæri til að tjá langanir sínar og tilfinningar og allar eiga þær tilfinningar rétt á sér. En stundum þurfa börnin aðstoð við að beina þeim í réttan farveg.

Í Vesturkoti fá börnin tækifæri til að koma fram fyrir aðra, segja sögur, syngja eða segja frá liðnum atburðum. Hópastarfið er fyrirfram skipulagt af hópstjórum og deildarstjórum en alltaf er haft í huga að mæta áhuga, getu og þörfum barnanna. Samkennd barnanna er efld innan hópsins og sérstaklega er hugsað til þeirra sem vantar í hópinn hverju sinni. Áhersla er lögð á ýmsar dyggðir, svo sem umburðarlyndi, hjálpsemi, tillitsemi og vináttu.



Öll börnin fá jafnan rétt til náms og leiks í leikskólanum burtséð frá litarhafti, kyni, útliti og getu. Börnin fara að minnsta kosti einu sinni á dag í val sem sett er upp á lýðræðislegan máta. Börnin skiptast á að fá að velja fyrst og alltaf eru sömu valsvæði í boði. Þannig geta þau gengið að því sem vísu að þegar röðin kemur að þeim að velja fyrst, geta þau örugglega valið það sem þau langar mest. Fjölbreytt valsvæði eru í boði sem ýta undir aukna getu



barnanna í ólíkum námsþáttum. Eðlilega lenda börnin stundum í því að svæðið sem þau hefðu helst kosið sér sé upptekið og þurfa þau að takast á við það. Það getur verið sárt en samt sem áður nauðsynlegt að upplifa að við fáum ekki alltaf það sem við viljum mest. Leikskólinn er einmitt góður vettvangur fyrir börn að upplifa þær aðstæður og fá handleiðslu til að takast á við önnur verkefni í staðinn.

Í valinu fá börnin einnig æfingu í að standa við sínar eigin ákvarðanir. Úthald barnanna er mislangt á vals væðum og vilja sum þeirra skipta um svæði fljótlega. Börnin eru gerð ábyrg fyrir því sem þau völdu og fá þannig handleiðslu til að standa við þær ákvarðanir sem þau hafa sjálf tekið, þó að sjálfsögðu sé komið á móts við þau börn sem eiga erfitt með að staldra lengi við í einu. Rík áhersla er lögð á að börnin fái að skapa leikinn að eigin vild og áhuga og því er boðið upp á opinn efnivið sem ýtir undir slíkt. Með SMT eru börnunum kenndar reglur sem lúta að umgengni við umhverfið og annað fólk. Sömu reglur gilda fyrir alla og fá börnin umbun fyrir að fara eftir þeim með því að halda sólarveislu. Börnin kjósa á lýðræðislegan hátt hvernig sólarveislan á að vera og þau þurfa að lúta vilja meirihlutans. Þannig upplifa börnin lýðræði í verki.

Lýðræði er haft að leiðarljósi í ákvarðanatöku í Vesturkoti og er lögð áhersla á að allir starfsmenn hafi jöfn tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri er varða skólastarfið. Gott samstarf er við foreldraráð leikskólans og ýmsar breytingar á innra starfi leikskólans eru lagðar fyrir ráðið. Margar góðar hugmyndir hafa komið frá foreldraráðinu sem tekið hefur verið mið af við skipulagningu skólastarfsins og gert það enn betra, skemmtilegra og árangursríkara.

5. Samþætt og skapandi leikskólastarf



Á sama hátt og sjórin séttlar í nálægð við leikskólann, gára **EINKUNNARORÐ VESTURKOTS** í kringum okkur og endurspeglar sýn okkar á leikskólastarfið.

Lífsgleði höfum við að leiðarljósi og hvetjum alla til að tileinka sér hana.

Leikni þjálfum við í daglegu starfi og eflum þroskapættina á hvetjandi hátt.

Leikurinn er svo okkar helsta kennslutæki til að þjálfar og miðla lífsgleði og leikni.

GRUNNPÆTTI MENNTUNAR höfum við í höndum okkar og mótum leikskólastarfið með þessa sex þætti í forgrunni.

Læsi **Sjálfbærni** **Lýðræði og mannréttindi**

Jafnrétti

Heilbrigði og velferð

Sköpun

Grunnpættirnir eru sérstakir hver á sinn hátt líkt og fingurnir á höndum okkar. Þeir vinna þó best saman og skapa heildarsýn á skólastarfið.



NÁMSSVIÐ LEIKSKÓLANS eru fjölbreytt eins og litir regnbogans. Þau hafa sín séreinkenni en mynda mikilvæga heild sem gnæfir yfir okkur og minnir á nauðsyn þess að huga að því að leikskólastarfið sé litríkt og gefandi.

Heilbrigði og vellíðan er í innsta baugnum. Líðan barna hefur áhrif á sjálfsmynd þeirra og er grunnurinn fyrir því að takast á við ýmis viðfangsefni í daglegu starfi.

Sjálfbærni og vísindi eru í næsta baugi. Börn læra í gagnvirkum samskiptum við umhverfi sitt og öðlast þannig skilning og reynslu til að takast á við þær aðstæður sem þau eru í hverju sinni.

Læsi og samskipti eru í þriðja baugnum. Börn hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra og nota til þess ýmsar aðferðir. Þau læra einnig að lesa í samskiptin og því er mikilvægt að jákvæð og uppbyggileg samskipti eigi sér stað í leikskólanum.

Sköpun og menning er í fjórða og ysta baugnum. Umhverfið þarf að styðja við sköpunarkraft barnanna og hafa þarf í huga að beina sköpuninni að ferlinu sjálfu, tilfinningum og reynslu sem börnin upplifa. Menningin er svo samofin öllu leikskólastarfinu og tengist út á við ýmsum gildum, siðum og venjum sem skapast hafa í samfélaginu.

Eins og kemur fram hér að framan er nám í leikskóla samþætt og hríslast námssviðin inn í daglegt starf barnanna og eflir mikilvæga þroskaþætti hjá þeim. Börn læra í gegnum leik og þau læra í samstarfi við önnur börn með stuðningi og hvatningu frá hinum fullorðnu. Námssviðin *læsi og samskipti*, *heilbrigði og vellíðan*, *sköpun og menning* og *sjálfbærni og vísindi* eru undirstaða náms barnanna í skólanum. Þau skarast mismikið en haldast þó í hendur við daglegt líf barnanna. Hver grunnþáttur fléttast inn í allt leikskólastarfið. Sem dæmi um það má nefna jafnrétti sem alltaf er haft í huga, sama hvert viðfangsefnið er. Verkfærin eru hins vegar ólík eftir því í hvaða aðstæðum börnin eru hverju sinni.

5.1 Læsi og samskipti

Öll börn hafa þörf fyrir að eiga samskipti við aðra. Þau þurfa því að fá tækifæri til að koma líðan sinni, skoðunum og hugmyndum á framfæri. Einnig þurfa þau að fá tækifæri til að spyrja spurninga og leita svara til að auka þekkingu sína og skilning. Börnin geta átt boðskipti á ýmsan máta, til dæmis með látbragði, ýmsum hljóðum, snertingu og myndmáli.

Tungumálið gegnir þó stærsta hlutverkinu og er mikilvægasta tækið til boðskipta. Börn fá jákvæða sjálfsmynd og aukið sjálfstraust ef þau hafa góð tök á móðurmálinu, þar sem þau fá

orð yfir hugsanir sínar, tilfinningar, fyrirætlanir og langanir. Með tungumálinu öðlast börn tækifæri og kjark til að koma sínum skoðunum á framfæri og efla skilning sinn á ólíkum þörfum og skoðunum annarra. Á leikskólaaldri er lagður grundvöllur að málþroska barna (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls 42 – 43).

Markmið með námssviðinu læsi og samskipti.

Skapa þarf aðstæður í Vesturkoti svo börnin fái að:

- kynnast tungumálinu og þeim möguleikum sem það hefur
- eiga jákvæð samskipti við aðra
- tjá sig með fjölbreyttum hætti um líðan sína og langanir
- njóta þess að hlusta á sögur, semja eigin sögur, ljóð og ævintýri
- skilja að ritað mál og tákni hafa merkingu
- koma skoðunum sínum og hugmyndum á framfæri eftir ólíkum og fjölbreyttum leiðum og geta sagt frá liðnum atburðum
- kynnast menningararfinum, hátíðum og tyllidögum auk þess að fræðast um menningu annarra þjóða
- setja sig í spor annarra og virða þær hugmyndir og skoðanir sem aðrir hafa
- öðlast fjölbreyttan orðaforða og málskilning
- kynnast tölvunotkun í námi og leik



Leiðir:



1 – 2ja ára börn: Í málörvun með yngstu börnunum er mikilvægt að hafa orð á daglegum athöfnum til að efla málþroska þeirra. Börn á þessum aldri njóta þess að hlusta á aðra syngja og meðtaka smám saman brot úr lögnum og syngja með. Börnin hafa sérstaka ánægju af hreyfisöngvum og tengja hreyfingar og orð saman. Börnin öðlast þekkingu á helstu líkamshlutunum og eru hvött til að tjá líðan sína og langanir á eigin máta. **Heiti á litum, formum og rétt notkun á persónufornöfnum og lýsingarorðum eru dæmi um það sem lögð er áhersla á.** Yngstu börnin eiga erfitt með að setja sig í spor annarra. Þau eru þó hvött til þess að vera góð hvert við annað og hugga önnur börn þegar þau gráta. Börnunum er hrósað þegar þau fara að reglum og eflir það trú þeirra á eigin getu.

3ja – 4 ára börn: Lagt er upp úr auknum hugtakaskilningi þegar kemur að málörvun barna á þessum aldri. Heiti á litum, formum og rétt notkun á persónufornöfnum og lýsingarorðum eru dæmi um það sem lögð er áhersla á. Námsefnið með Lubba er mikið notað til að kenna nemendum hljóð og táknmynd bókstafanna. Gríðarlega mikilvægt er að börnin geti haft orð á eigin líðan og séu meðvituð um tilfinningar sínar. Það auðveldar þeim að eiga farsæl samskipti við aðra þegar þau hafa betri sýn yfir eigin líðan og annarra og gefur þeim tækifæri til að setja sig í spor hvers annars. Börnin fá fræðslu um tilfinningar og heitin á þeim í gegnum samskipti hvert við annað og í gegnum ýmsa söngva og bækur. Þá er námsefnið **Vinátta** notað með 4 og 5 ára börnum en þar er félags- og tilfinningaþroski barna sérstaklega eflur.

5 ára börn: Börnin sækjast í sífellt flóknari bækur, söngva og þulur með auknum málþroska. Því er hugað að því að bjóða börnunum upp á nógu krefjandi verkefni til að efla málþroska þeirra og læsi enn frekar. **Notast er við fjölbreyttan efnivið í málörvuninni og má þar til dæmis nefna námsefnið Markviss málörvun, Sögugrunn og fleira.** Þar er boðið upp á fjölmörg stutt verkefni sem reyna á hugtakaskilning og lesskilning. Framsögn er þjálfuð sérstaklega og ritmálið gert enn sýnilegra en áður. **Bókstafirnir eru sýnilegir börnunum og unnið með hljóð og tákn þeirra. Áfram er unnið með Vináttu fyrir þennan aldurshóp og meiri kröfur eru gerðar á börnin að setja sig í spor annarra og veita hverju öðru stuðning þegar á þarf að**



halda. Í Vináttuverkefningu er unnið dýpra með hópinn og börnin vinna með samkennd og hafa vellíðan annarra að leiðarljósi.

Starfsmenn eru fyrirmyndir barnanna bæði þegar kemur að málörvun og samskiptafærni. Þeir hafa orð á athöfnum, tala skýrt íslenskt mál með fjölbreyttum orðaforða og vanda sig í samskiptum. Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur en þá eru íslenskar bókmenntir í hávegum hafðar. Þá koma góðir gestir úr Hvaleyrrarskóla sem flytja nokkur ljóð, sýna leikrit og syngja vel valin lög.

5.2 Heilbrigði og vellíðan

Einn mikilvægasti þátturinn í þroska ungra barna er að stuðla að heilbrigði þeirra og vellíðan. Það er undirstaðan fyrir aðra námsþætti því ef ekki er hugað nægilega að því að tryggja heilbrigði og vellíðan barna eru þau síður móttækileg fyrir öðru námi. Í leikskólum eiga börn að fá tækifæri til að tileinka sér heilbrigða lífshætti. Einnig þarf að stuðla að vellíðan allra barna. Með heilbrigði er átt við hreyfingu, almennt hreinlæti, hollt mataræði og hvíld við hæfi hvers og eins. Líðan barna hefur áhrif á sjálfsmynd þeirra og segir til um hvort þau hafi trú á eigin getu og séu tilbúin að takast á við það sem lífið býður upp á. Það er því gríðarlega mikilvægt að huga að líðan allra barna og umhyggjan og jákvæð samskipti skipa stóran sess í starfinu (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls 43).

Markmið með námssviðinu heilbrigði og vellíðan.

Búa þarf börnunum aðstæður svo þau fái tækifæri til að:

- hreyfa sig frjálst
- samhæfa hreyfingar
- sýna öðrum umhyggju og skilning
- borða hollan og staðgóðan mat
- fræðast um hollustugildi matarins
- efla færni til slökunar
- eiga jákvæð samskipti við aðra
- huga að mikilvægi hreinlætis



Leiðir:

1 – 2ja ára börn: Þegar börnin byrja í leikskólanum er mikilvægt að þau finni fyrir öryggi. Þá skiptir miklu máli að hafa fastmótað dagskipulag þannig að börnin átti sig fljótt að því hvernig dagurinn gengur fyrir sig. Í Vesturkoti er sama fyrirkomulagið alla daga á yngri deildum. Öll börnin fara út fyrir hádegi og stuðlar útveran að auknu úthaldi auk þess sem mótstöðuafli líkamans styrkist. Vikulega fara börnin í skipulagða hreyfistund í salnum þar sem boðið er upp á fjölbreytta hreyfingu. Viðmót starfsmanna skiptir gríðarlega miklu máli því mikilvægt er að börnunum líði vel í skólanum sínum. **Vináttuverkefni kemur inn í skólstarfið til að vinna að vellíðan barnanna í barnahópnum. Börnin læra samkennd og samskipti í hópnum sínum. Slökunartónlist er nýtt í hvíld barnanna til að kenna þeim að slaka á í umhverfinu. Tónlistin hefur róandi áhif og kennir börnunum að njóta hvíldarstundarinnar.**

3ja – 4 ára börn: Á þessum aldri hafa börnin öðlast færni í sjálfsbjörg og tileinkað sér að fara sjálf á salerni. Þá skiptir miklu máli að börnin fái góðar leiðbeiningar um að þvo hendur sínar og að halda sér þurrum. Meiri kröfur eru gerðar til barnanna í hreyfistundum þar sem samhæfing hreyfinga er meðal annars þjálfuð. Vettvangsferðirnar lengjast þar sem reynir enn frekar á úthald og styrk. Stuðlað er áfram að vellíðan barnanna með því að hrósa þeim fyrir það sem vel er gert og dagskipulagið er með föstu sniði. Börnin fara þó ýmist út fyrir eða eftir hádegi og veltur það á þörf þeirra fyrir hvíld í hádeginu. Þannig er komið á móts við ólíkar þarfir barnanna með það að sjónarmiði að líðan þeirra og heilsa sé sem allra best í Vesturkoti. **Vináttuverkefni tekur á málum er varða samskipti barna innan hópsins og þar læra börn að þekkja tilfinningar sínar. Með því að kenna börnum tilfinningalæsi í gegnum Vináttu verkefnið öðlast nemendur skilning á líðan annara sem og sinni eigin líðan. Í hvíldarstund er börnum kennd slökun með aðferðum frá Hugarfrelsi. Börnin læra að slaka á við lestur slökunarsögu og með öndunaræfingum.**



5 ára börn: Elstu börnin fara í lengri vettvangsferðir og í heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir þar sem þeim gefst enn frekar kostur á að víkka sjónadeildarhringinn. Ferðirnar reyna ekki síður á þol þeirra en það veitir þeim aukna vellíðan að styrkja tengslin við hinar ýmsu stoðir samfélagsins. Meiri kröfur eru gerðar á að börnin leggi sitt af mörkum til að öðrum líði vel og þau séu ábyrgari fyrir eigin framkomu í garð annarra. Í Vesturkoti er haft í huga að börnin hafi tækifæri til að kljást við krefjandi verkefni sem aldrei fyrr svo þau hafi kost á að sigrast á ólíkum áskorunum sem eykur gleði þeirra og ánægju. **Í Vesturkoti er unnið markvisst með Vináttuverkefnið út allan leikskólann og með því er stuðlað að því að gera nemendur hugrakka til að takast á við tilfinningar sínar sem og annara. Að kenna börnum að sýna sínar tilfinningar og þekkja hvenær öðrum líður vel eða illa. Að læra að vera til staðar fyrir vini sína og leggja grunninn að vinasambandi sem heldur áfram eftir að leikskólaárum þessara barna er lokið. Í hvíldarstund er börnum kennd slökun með aðferðum frá Hugarfrelsi. Börnin læra að slaka á við lestur slökunar sögu og með öndunaræfingum.**

5.3 Sjálfbærni og vísindi

Íslensk náttúra er einstök og lífsafkoma okkar er undir henni komin að mörgu leyti. Íslenskt veðurfar er breytilegt og hefur mikil áhrif á allt okkar líf og segja má að líf okkar sé samtvinnað náttúrunni. Strax í frumbersku beita börn ýmsum aðferðum við að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Þau horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Ung börn læra í gagnvirkum samskiptum við umhverfi sitt. Þennan mikla fróðleiksþorsta þarf að styðja við og kynna leikskólabörnum og vonandi kveikja hjá þeim áhuga á landi og þjóð. Mikilvægt er að börn fái tækifæri til að kynna fjölbreytileika náttúrunnar strax á leikskólaaldri, komast í tengsl við hana og njóta hennar. Ef börn fá að njóta fegurðar náttúrunnar, læra þau að bera virðingu fyrir henni. Þannig er börnunum kennt að vernda náttúruna strax frá unga aldri og eflir það með þeim ábyrgðarkennd.



Undir náttúrunnar eru óþrjótandi. Óendanleg uppspretta nýrra hugmynda, leikja, viðfangsefna og athugana er þar hægt að nýta til að örva leik og starf barnanna. Nauðsynlegt er að hlusta eftir hvað börnin vilja og reyna að átta sig á hvernig þau hugsa og skilja hlutina. Ýta þarf undir forvitni og vangaveltur barnanna og hvetja þau til að spyrja spurninga og leita



mismunandi lausna. Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls 44).

Markmið með námssviðinu sjálfbærni og vísindi.

Búa þarf börnunum aðstæður svo þau fái að:

- læra að bera virðingu fyrir náttúrunni, umhverfi sínu, gróðri og plöntum
- fylgjast með hvernig gróðurinn breytist milli árstíða
- öðlast þekkingu á sínu nánasta umhverfi
- kynnast náttúrunni
- auka þekkingu á stærðfræðilegum viðfangsefnum, s.s. tölum, táknum og mynstrum
- fá skilning á hringrásum, fyrirbærum og lífverum í náttúrunni
- átta sig á rými, fjarlægðum og áttum
- kynnast eiginleikum ýmissa efna og hluta
- upplifa möguleika og takmarkanir tækninnar

Leiðir:

1 – 2ja ára börn: Börnin læra frá unga aldri hvernig mismunandi veðurfar hefur áhrif á þau. Börnin fara út daglega og kynnast því að úti er ýmist hlýtt, kalt eða bara alveg mátulegt hitastig. Mikil áhersla er lögð á í Vesturkoti að hafa umhverfið laust við óþarfa áreiti. Þannig fá börnin að kynnast sínu nánasta umhverfi hvort sem er inni eða úti.

3ja – 4 ára börn: Með auknum þroska og getu fara börnin í vettvangsferðir utan leikskólalóðarinnar. Þannig stækkar heimur þeirra smám saman og þau öðlast meiri skilning á umhverfinu, fjarlægðum og áttum. Börnin gera ýmsar tilraunir í náttúrunni til dæmis með því að bræða snjó og frysta aftur. Þau hafa aðgang að tölum og öðrum tækjum sem tiltæk eru í skólanum og fá leiðbeiningar um meðhöndlun þeirra.

5 ára börn: Hugað er sérstaklega að því að þjálfra talnahugtök og tölurnar hjá elstu börnunum. Hin ýmsu stærðfræði – og rúmfræðihugtök eru einnig kynnt fyrir börnunum. Það

er gert á fjölbreyttan hátt, meðal annars í gegnum leik. Einingakubbarnir eru mikið notaðir með öllum aldurshópum en með elstu börnunum er hægt að vinna enn markvissar. Vettvangsferðirnar eru lengri og lögð eru fyrir börnin meira krefjandi verkefni sem tengjast náttúrunni.

5.4 Sköpun og menning

Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Til að börnin geti notað sköpunarhæfileika sína sem best er nauðsynlegt að umhverfið sé þannig gert að það örvi skynjun og styðji við þann sköpunarkraft sem í börnunum býr. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og því námi sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Börn búa við mismunandi uppeldisskilyrði auk þess sem menningarlegur og samfélagslegur uppruni þeirra er misjafn. Það er því nauðsynlegt að taka tillit til mismunandi fjölskyldugerða og uppruna barnanna. Leitast þarf við að efla tilfinningu barnanna fyrir því að þau tilheyri samfélaginu og séu hluti af því.





Menningin er samofin leikskólasterfinu og tengist því leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Því er nauðsynlegt að hafa í huga að börnunum sé gert kleift að nálgast viðfangsefni frá mörgum hliðum og á eigin forsendum. Leikskólakennarar eru þá frekar í því hlutverki að velja leiðir sem hvetja til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða hjá börnunum. Þeir þurfa að vera opnir fyrir þeim hugmyndum sem börnin fá og vera tilbúnir til að grípa þau tækifæri sem gefast. Þó svo í upphafi hafi kennari skipulagt starfið koma upp atvik sem fanga athygli og áhuga barnanna og þá er nauðsynlegt að vera tilbúinn til að nýta það (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls 45).

Markmið með námssviðinu sköpun og menning.

Skapa þarf aðstæður svo börnin fái tækifæri til að:

- skapa og tjá upplifun sína á fjölbreyttan hátt
- nota sköpunarhæfni sína
- fá nýjar hugmyndir í listsköpun
- þroska fínhyringar
- læra texta og taka þátt í söng
- njóta fjölbreyttrar menningar og lista
- taka þátt í að móta menningu leikskólans
- vinna með fjölbreyttan efnivið
- þroska með sér næmi fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjanda
- taka virkan þátt í hátíðar- og tyllidögum sem haldið er upp á

Leiðir:

Strax frá upphafi leikskólagöngunnar taka börnin þátt í þeim hátíðar- og tyllidögum sem fagnað er samkvæmt íslensku almanaki.

Þorrablót: Í byrjun Þorrans útbúa börnin víkingahjálma sem þau skarta á Þorrablóti skólans. Þá fá börnin tækifæri til að smakka á Þorramat þó fæst þeirra borði sig södd af honum heldur gæða sér einnig á slátri.

Dagur leikskólans: Á þessum degi taka börnin þátt í að vekja athygli á leikskólanum út á við.

Bolludagur, sprengidagur og öskudagur: Fyrir bolludaginn útbúa börnin bolluendi og borða svo fiskibollur í hádeginu og rjómabollur í nónhressingu. Á sprengidaginn er boðið upp á



saltkjöt og baunir í hádeginu. Börnin bregða sér í ólík gervi á öskudaginn og mæta ýmist í búningum eða náttfötum í leikskólann. Dansað er dátt á grímuballi í salnum og kötturinn er sleginn úr tunnunni.

Páskar: Páskarnir eru undirbúnir í skólanum og fá börnin tækifæri til að skapa fallegt páskaföndur

Bjartir dagar: Öll börn taka þátt í Björtum dögum sem er lista- og menningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar. Unnið er með fyrirfram ákveðið viðfangsefni sem börnin skapa og tjá á eigin hátt. Sýning er sett upp á þeim verkum sem unnið er að.

Sumarhátíð: Í júní er sumarhátíð leikskólans. Þá er mikið um dýrðir og foreldrar taka virkan þátt í deginum. Opið hús er samhliða sumarhátíðinni en þá eru foreldrar og aðrir velunnarar velkomnir og geta notið þess að skoða sýningu á verkum barnanna sem þau unnu yfir veturinn.

Jólaundirbúningur: Börnin taka mikinn þátt í jólaundirbúningnum. Þau útbúa jólagjafir handa foreldrum sínum og læra ýmsa jólasöngva og kvæði. Þá hlusta þau á fallega jólatónlist og njóta þess að hlusta á sögur og njóta ljósadýrðarinnar.





1 – 2ja ára börn: Í Vesturkoti er boðið upp á fjölbreyttan efnivið til myndsköpunar fyrir alla aldurshópa. Hver hópur fer að minnsta kosti einu sinni í viku í myndsköpun undir leiðsögn hópstjóra síns. Lögð er áhersla á að kynna fyrir börnum á þessu aldursbili ýmsar aðferðir til listsköpunar og hvetja þau til að taka þátt. Börnin öðlast fljótt skilning á hvað felst í því að eiga afmæli því afmælum barnanna er vel fagnað. Þá fá þau kórónu sem þau hafa tekið þátt í að skreyta og afmælissöngurinn er sunginn. Þá borða afmælisbörnin af sérstökum afmælisdiskum og drekka úr afmælisglösum. Mynd af afmælisbarninu er sett upp í fataklefa deildarinnar og á hverjum föstudegi er sungið fyrir afmælisbörn vikunnar á vinafundi í salnum.

3ja – 4 ára börn: Börn á þessum aldri eiga fleiri tækifæri til að koma hugmyndum sínum í listsköpun á framfæri. Þau fá að kljást við enn fjölbreyttari efnivið með fjölbreyttari aðferðum. Börnin taka enn virkari þátt í hátíðar- og tyllidögum en þegar þau voru yngri því þau hafa öðlast meiri skilning á hvað felst í þessum dögum. Þau fá fræðslu um hvað dagarnir tákna og eru meiri þátttakendur í undirbúningi þeirra. Þegar börnin eru komin á eldri deildir bætast við fleiri þættir þegar haldið er upp á afmælið þeirra. Þau fá að vera þjónar dagsins og velja fyrst í valtímum. Þetta finnst þeim mikil upphefð og njóta þau þess í botn að vera stjórnur dagsins.

5 ára börn: Leitast er eftir að elstu börnin sýni frumkvæði í sköpun og þau séu sífellt meira ráðandi um efnisval í myndsköpun. Elstu börn leikskólans kynnast menningunni meira út á við en þegar þau voru yngri. Þau taka þátt í menningarviðburðum eins og að heimsækja söfn og upplifa ýmsa menningarviðburði. Þá er farið ítarlegra í söguna á bak við hvern og einn hátíðar- og tyllidag á íslensku almanaki. Á haustin er sérstök fjölmenningsvika þar sem sérstaklega er hugað að menningu annarra þjóða. Börn og starfsmenn skólans koma víða að úr heiminum og tækifæri gefst til að kynnast menningu þeirra þjóða sem börn og starfsmenn koma frá.



6. Fjölskyldan, upplýsingamiðlun og leikskólinn

Við upphaf leikskólagöngunnar er lagður hornsteinn að samstarfi foreldra og leikskóla. Foreldrum gefst þá tækifæri til að kynnast starfsháttum, hugmyndafræði og námskrá leikskólans og starfsfólk leikskólans fær upplýsingar um barnið, aðstæður þess, reynslu og áhugasvið. Á þessum gagnkvæmu upplýsingum byggjast fyrstu skref barnsins í leikskólanum. Markmiðið með góðu samstarfi við alla er varða leikskólastarfið er að vinna vel saman að gera gott leikskólastarf og samskipti betri.

Starfsfólk Vesturkots hefur sett sér það markmið að miðla upplýsingum til foreldra barnanna á fjölbreyttan hátt. Reglulega er sendur út tölvupóstur til foreldra til að minna á hina ýmsu viðburði sem framundan eru í starfinu. Á heimasíðu leikskólans eru að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar og má þar nefna skóladagatal, matseðil, almennar fréttir úr leikskólanum og af deildunum, fjöldi mynda af börnunum í leik og starfi og ýmsar áætlanir og skýrslur. Foreldrar eru reglulega hvattir til að nýta sér heimasíðu skólans til upplýsingaöflunar. Á tilkynningatöflu við hverja deild skólans eru einnig settar upp tilkynningar um þá viðburði sem foreldrar þurfa sérstaklega að huga að og síðan eru foreldrar minntir munnlega á það sem framundan er. Með þessum fjölbreyttu leiðum til að koma upplýsingum á framfæri er hugsunin að ná til sem flestra foreldra því misjafnt er hvaða leið til upplýsingamiðlunar hentar foreldrum best.

6.1 Foreldrasamtöl

Samkvæmt 9. grein laga um leikskóla nr 90/2008 kemur fram að foreldrar skuli gæta hagsmuna barna sinna. Þeir skulu hafa náði samráð við starfsfólk leikskóla og fylgjast með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð barnanna. Foreldrar eiga jafnframt rétt á upplýsingum um skólastarfið og stöðu barna sinna. Foreldrar þekkja börn sín best og með því að veita mikilvægar upplýsingar styðja þeir við skólagöngu þeirra og leggja grunn að námi barnsins. Jafnframt eiga foreldrar að hafa

gott aðgengi að öllum upplýsingum um leikskólastarfið og börn sín svo að þeir geti fylgst með skólagöngu þeirra og veitt þeim stuðning og hvatningu (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls 49).

Foreldrasamtöl eru að jafnaði einu sinni á ári í Vesturkoti. Í foreldrasamtölunum er farið yfir líðan, nám og þroska barnanna heima og í leikskólanum. Bæði kennarar og foreldrar geta boðið um fleiri samtöl ef talin er þörf á. Ef foreldrar tala ekki íslensku eða nota táknmál er boðið upp á túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla.



6.2 Opið hús

Fjölskyldur barnanna eru mikilvægar í leikskólastarfinu. Í Vesturkoti er litið á fjölskyldur sem samstarfsaðila við leikskólann. Til að hvetja fjölskyldur til þátttöku er boðið reglulega upp á opið hús í skólanum. Þegar Þorrinn gengur í garð er boðið í Karlakaffi. Þá eru allir pabbar, afar, bræður og frændur velkomnir í leikskólann til að gæða sér á hafragraut og slátri auk þess að eiga færi á að leika við börnin á eftir. Þegar Góan gengur í garð er Konukaffi. Þá er öllum mömmum, ömmum, systur og frænkum boðið upp á hafragraut og grænmeti. Þessi opnu hús hafa gefist mjög vel og verið vel sótt af fjölskyldum barnanna. Skapast hafa góð samskipti milli starfsmanna, aðstandenda og barnanna. Á vorin er opið hús í tengslum við



sýningu á þeim myndverkum sem börnin hafa unnið að um veturinn. Þetta hefur verið fjölsóttur viðburður sem síðustu árin hefur verið tengdur við sumarhátíð leikskólans.

6.3 Foreldrafundir

Á haustin er foreldrafundur fyrir alla foreldra Vesturkots. Þá er farið yfir helstu áherslur í starfi skólans og þau verkefni sem framundan eru. Foreldrar fá ítarlegri kynningu á starfseminni inni á deild barnsins en þar er farið nánar í skipulagningu starfsins. Skapast hafa góð tengsl á þessum fundum og foreldrum gefst svigrúm til að koma skoðunum sínum og ábendingum á framfæri og kynnast öðrum foreldrum skólans.

6.4 Foreldraráð

Eins og fram kemur í 11. grein laga um leikskóla nr 90/2008 skal leitast við að hlusta eftir sjónarmiðum foreldra og stuðla að áhrifum þeirra á skólastarfið í gegnum foreldraráð leikskólans. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskólans, fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á skólastarfinu. Mikil áhersla er lögð á gott samstarf við foreldraráð Vesturkots. Ráðið hittist reglulega yfir skólaárið og auk þess færir leikskólastjóri ráðinu til umsagnar ýmsar áætlanir, skóladagatal og þær stórfelldu breytingar sem verða á starfinu. Kosið er í foreldraráð á hverju hausti.

6.5 Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann Vesturkot í samræmi við 10. grein laga um leikskóla nr 90/2008. Nafn félagsins er Kjarninn og kosið er í stjórn þess á hverju hausti. Allir foreldrar leikskólabarna í Vesturkoti eru félagar í foreldrafélaginu. Markmið foreldrafélagsins er að tryggja sem best velferð barna í leikskólanum og fá foreldra sem virka þátttakendur í starfi leikskólans. Hlutverk félagsins er að efla samstarf heimili og skóla enn frekar og er vettvangur foreldra til að taka þátt í skólastarfinu. Félagsgjald er innheimt og eru fjármunir félagsins notaðir til að styðja við leikskólastarfið með ýmsum hætti.



6.6 Sérfræðipjónusta

Mikilvægt er að öll börn geti notið leikskólagöngunnar sem best. Kennarar og annað starfsfólk Vesturkots leggur mikla áherslu á að koma á móts við öll börn með tilliti til þroska þeirra og getu. Í reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum (nr 584/2010) er fjallað um markmið með sérfræðipjónustu. Þar kemur fram að stuðla beri að því að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi. Í reglugerðinni kemur einnig fram að sveitarstjórn skipuleggur sérfræðipjónustu í samráði við skólastjórnendur. Gera þarf ráð fyrir rými í leik- og grunnskólum til að veita sérfræðipjónustu þegar á þarf að halda vegna nemenda með sérþarfir, óháð því hver veitir þjónustuna. Skólastjórum ber að hafa frumkvæði að samstarfi við sérfræðipjónustu sveitarfélaga, félagsþjónustu, barnaverndaryfirvöld og heilbrigðisþjónustu innan sveitarfélagsins vegna málefna einstakra nemenda með sérþarfir og langvinn veikindi.

Kennarar í Vesturkoti meta hvaða nemendur kunna að eiga í námserfiðleikum með því að notast við viðeigandi matstæki. Þeir sjá til þess að allir nemendur fái þá aðstoð sem þeir þurfa á að halda. Þá fylgjast þeir með framförum barnanna og bregðast við jafnóðum. Allar athuganir á vegum sérfræðipjónustu sem varða einstaka nemendur eru gerðar í samráði við og með formlegu samþykki foreldra.

6.7 Miðlun upplýsinga milli leikskóla og grunnskóla

Í reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla (nr 896/2009) kemur fram að leikskólastjóri ber ábyrgð á að flytja nauðsynlegar persónuupplýsingar um barnið til viðtökuskóla með tryggum og öruggum hætti. Það er gert í því skyni að huga að velferð og aðlögun barnanna í öðrum leikskóla eða í grunnskóla. Þegar börn sem hafa notið sérkennslu ljúka námi sínu í Vesturkoti eru haldnir skilafundir með fulltrúum viðkomandi skóla sem börnin munu stunda nám við. Öllum mikilvægum upplýsingum er varða nám og þroska barnanna er miðlað og niðurstöður athuganna og prófa eru lagðar fram. Þessar upplýsingar eru sendar með samþykki foreldra.



7. Tengsl skólastiga og tengsl við nærumhverfið

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og þegar leikskólanámi lýkur tekur nám í grunnskóla við. Það felur í sér töluverðar breytingar að fara á annað skólastig, bæði fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Í Aðalnámskrá leikskóla (2011, bls 50 - 51) kemur fram að skólaganga barna eigi að mynda samfellda heild þannig að reynsla og nám þeirra á fyrri skólastigum nýtist þeim á næsta skólastigi. Sú þekking og þau viðfangsefni sem börn fást við í leikskólanum þarf að vera grunnur sem grunnskólanámið byggist á auk þess sem þau eiga að hafa tækifæri til að takast á við ögrandi verkefni og öðlast nýja reynslu. Til að flutningurinn milli skólastiganna verði sem farsælastur þarf að undibúa hann vel meðan á leikskólanámi stendur. Þá ber að líta á síðasta ár barna í leikskóla og fyrsta ár þeirra í grunnskóla sem mikilvægan þátt í ævimenntun barna.

Til að brúa sem best bilið á milli skólastigana tveggja er haldinn samráðsfundur á hverju hausti. Fundinn sitja fulltrúar leikskólanna í bæjarhverfinu og fulltrúar Hvaleyrarskóla, sem er grunnskólinn í hverfinu. Á fundinum er gerð áætlum um hvernig samstarfi skólastiganna skuli vera háttað yfir veturinn. Fastir liðir hafa skapast í samstarfi skólanna. Í nóvember koma nemendur 4. bekkjar í heimsókn í tengslum við Dag íslenskrar tungu og flytja nokkur söngatriði og leikverk. Á aðventunni eru elstu leikskólabörnunum boðið í Hvaleyrarskóla á jólasamverustund með nemendum 1. bekkjar. Þar syngja þau nokkur jólalög og eiga notalega stund saman. Nemendur 1. bekkjar koma í heimsókn í leikskólann eftir áramótin. Þá taka þeir þátt í leikskólastarfinu og rifja í leiðinni upp stundir sínar á þessu skólastigi. Þegar líður að vori fara elstu leikskólabörnin í heimsókn í Hvaleyrarskóla. Þá fá þau að skoða skólann og taka þátt í kennslustundum. Þetta samstarf skólastiganna hefur verið mjög farsælt og gott samstarf er á milli skólastjórnendanna. Börnin sem útskrifast úr Vesturkoti virðast vel í stakk búin til að takast á við þau verkefni sem bíða þeirra á næsta skólastigi.



Í reglulegum vettvangsferðum elstu barna leikskólans eykst víðsýni þeirra smám saman og heimur þeirra stækkar ört. Mörg tækifæri eru nýtt til að auka tengsl barnanna við nærsamfélagið og er það gert með ýmsum hætti. Til að mynda fara þau í heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir í nágrenninu og fara á listasýningar og aðra menningarviðburði sem boðið er upp á. Tengsl hafa skapast á undanförunum árum við nágretta skólans í golfklúbbnum Keili. Elstu börnin hafa til að mynda notið leiðsagnar þeirra félagi í golfkennslu og sett hefur verið upp listasýning þar í tengslum við Bjarta daga. Mikill hugur er í starfsmönnum leikskólans að styrkja þessi tengsl enn frekar.





8. Mat og eftirlit

Mat á skólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna séu virt svo þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Mat á skólastarfi er tvíþætt, annars vegar mat sem skólar framkvæma sjálfir og hins vegar mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélagsins, Mennta- og menningarmálaráðuneytis eða annarra aðila. Mat á skólastarfi felur meðal annars í sér að fylgjast með að ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár sé fylgt eftir. Í öðru lagi er markmiðið að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi barnanna séu virt og að börn fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Að lokum er tilgangur mats á skólastarfi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 26 -27 og 54).

8.1 Ytra mat á leikskólastarfi

Mennta- og menningarmálaráðuneytið eða sveitarfélagið sér um ytra mat á leikskólastarfi. Matið felst í úttektum á skólastarfinu eða einstökum þáttum þess. Fræðsluráð hefur eftirlit með því að starfsemi leikskóla samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Það er meðal annars gert með því að kalla eftir starfs- og símenntunaráætlunum, skóladagatölum og öðrum forvarnaráætlunum er við eiga hverju sinni. Fræðsluráð ber ábyrgð á að skólastarfið sé metið með hliðsjón af aðstæðum og sérstöðu hvers leikskóla og að skólinn meti innra starf sitt með markvissum hætti.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið ber ábyrgð á því að fylgjast með því að sveitarfélög uppfylli lögbundnar skyldur sínar gagnvart skólum. Aðalnámskrá myndar grunnviðmiða sem skólastarfið hvílir á en í skólanámskrá útfærir hver skóli nánar þau markmið og viðmið sem sett eru fram í aðalnámskrá. Innra- og ytra mat á skólastarfi á að ná til allra lögbundinna markmiða skólastarfsins (Aðalnámskrá, 2011, bls. 28 og 55).

8.2 Innra mat á leikskólastarfi

Í innra mati á leikskólastarfi skal gerð grein fyrir tengslum við þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá. Aðferðirnar eiga að taka mið af viðfangefnunum sem unnið er að hverju

sinni. Innra matið á að byggjast á kerfisbundnum aðferðum sem birtast hér í þessari skólanámskrá (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls 27, 54 og 55). Í aðalnámskránni kemur einnig fram að lagt sé til að innra matið fléttist saman við daglegt starf og það eigi að ná til allra þátta skólastarfsins, svo sem stjórnunar, starfs- og kennsluhátta og samskipta innan og utan deilda. Þá er lögð áhersla á að allt skólasamfélagið taki þátt í mati á skólastarfinu. Tilgangurinn með innra mati er að veita upplýsingar um styrkleika í starfi leikskólans og það sem betur má fara. Í ljósi niðurstaðna innra mats er gerð áætlun um umbætur og skilgreindar eru leiðir að þeim. Leikskólinn birtir opinberlega upplýsingar um niðurtöður innra mats og áætlanir um umbætur.



8.2.1 Mat barna

Leikskólastarf snýst fyrst og fremst um börnin og því er nauðsynlegt að hafa alltaf til hliðsjónar þeirra hagsmuni. Skipulagning skólastarfsins á því að miða að þeirra þörfum til að þroskast og dafna. Í nútímasamfélagi er lögð áhersla á að hafa börn með í ráðum sem virka þátttakendur í leikskólastarfi, í áætlanagerð og í mati á starfinu. Því er mikilvægt að leita eftir



sjónarmiðum þeirra sem minnst vægi og vald hafa í skólanum en hafa jafnfram mestra hagsmuna að gæta af leikskólastarfi, það er barnanna sjálfra. Foreldrar þeirra og starfsfólk leikskóla eru þeir hópar sem einnig eiga að koma að slíku mati (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2012, bls 3 - 4).

Börnin meta skólastarfið með áhuga sínum og virkni á hverjum degi. Í samverustundum gefast tækifæri til að spjalla við börnin um það sem framundan er og leita viðbragða hjá þeim við því. Atkvæðagreiðslur fara fram þegar velja á næstu sólarveislu í tengslum við SMT reglurnar og geta þá börnin valið á milli nokkurra viðburða. Þau meta þá hvað þeim finnst mest spennandi að gera. Elstu börn skólans eru í umhverfisnefnd. Á umhverfisnefndarfundum gefst börnunum tækifæri til að meta hvernig unnið er eftir umhverfissáttmálanum sem gerður hefur verið. Börnin í elsta hópnum skiptast einnig á að vera brunaverðir og ganga þá um skólann og meta hvort staðið sé vel að brunavörnum í húsinu. Daglega taka börn á eldri deildum leikskólans þátt í vali. Þá velja þau á milli viðfangsefna sem í boði eru. Valið er skráð og því er hægt að skoða hvaða valsvæði eru vinsælust hjá börnunum, hvað þau velja oftast og hvað þau velja síst. Starfsmenn eru hvattir til að hlusta eftir vilja barnanna og skipuleggja hópastarfið með það til hliðsjónar.

8.2.2 Mat starfsmanna leikskólans

Reglulega er lögð könnun fyrir starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar þar sem þeir meta starfsaðstæður sínar, líðan í starfi og sýn á skólastarfið. Árlega eru starfsmannasamtöl í Vesturkoti sem leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar halda utan um. Þá fylla starfsmenn út ítarlegan spurningalista þar sem spurt er um líðan þeirra og viðhorf í starfi, vilja til starfsþróunar og leggja mat á einstaka þætti í skólastarfinu. Deildarfundir eru haldnir hálfsmánaðarlega. Þá er farið yfir þá þætti sem framundan eru í starfinu og mat lagt á það sem unnið er með hverju sinni. Á starfsmannafundum og á skipulagsdögum er gert endurmat á skólaárinu og áætlanir lagðar fram til að bæta skólastarfið enn frekar.

Í Vesturkoti er notast við matstækið ECERS kvarðann. Starfsmenn fylla út listann og hafa til grundvallar spurningar um hvað hvert barn í leikskóla þarf til að þroskast á víðtækan hátt



og hvernig starfsmenn skipuleggja umhverfið þannig að það mæti sem best þörfum barnanna. ECERS kvarðinn samanstendur af sjö þáttum sem innihalda hver um sig nokkur atriði sem metin eru eftir sjö stiga kvarða. Þættirnir eru rými og búnaður skólans, umönnun og daglegt líf, mál- og hugtakanám, leikur og viðfangsefni, samskipti og skipulag og að lokum starfsmenn og foreldrar.

8.2.3 Mat foreldra

Hafnarfjarðarbær leggur reglulega fyrir kannanir þar sem viðhorf foreldra til leikskólans og menntunar barnanna eru skoðuð. Þá meta foreldrar einnig líðan barna sinna í skólanum og hafa möguleika á að koma sínum tillögum á framfæri. Niðurstöðurnar eru birtar opinberlega. Í Vesturkoti er útbúin umbótaáætlun í samræmi við niðurstöðurnar og ígrundað er hvað og hvernig sé hægt að bæta skólastarfið með hagsmuni barnanna í fyrirrúmi. Árlega er foreldrum boðið í foreldrasamtal. Í samtölunum fer deildarstjóri og/eða hópstjóri viðkomandi barns yfir mat á þroska og líðan barnsins. Foreldrar miðla til starfsmanna hvernig þeir meta stöðu barnsins heima við og tækifæri gefst til að koma ábendingum á framfæri er varða frekari uppbyggingu á leikskólastarfinu.



Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Anna Magnea Hreinsdóttir. (2012). *Mat barna á leikskólastarfi. Markmið og leiðir.*
Garðabær.

Barnalög nr 76/2003.

Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson. (2012). *Sköpun – Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum.* Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Kristín Dýrfjörð, Þórður Kristinsson og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2013). *Jafnrétti Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum.* Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Lög um leikskóla nr 90/2008.

Mannauðsstefna Hafnarfjarðar

<http://www.hafnarfjordur.is/media/stefnur-og-reglur/mannaudstefna.pdf>

Margrét Héðinsdóttir, Fanný Gunnarsdóttir og Erla Kristjánsdóttir. (2013). *Heilbrigði og velferð – Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum.* Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun

Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir. (2012). *Lýðræði og mannréttindi – Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum.* Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.



Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr 584/2010.

Reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla nr 896/2009.

Sigrún Helgadóttir. (2013). *Sjálfbærni – Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum*.
Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Skólastefna Hafnarfjarðar, 2009. sótt af <http://www.hafnarfjordur.is/media/skyrslur-og-utgafa/SkolastefnaHf2009utgafa.pdf>

Stefán Jökulsson. (2012). *Læsi – Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum*.
Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

